

EYSTRAHORN

4. tbl. 44. árgangur 7. maí 2026





EYSTRAHORN

FYRIR SAMFÉLAGIÐ OKKAR

Ný heimasíða opnuð í dag
eystrahorn.is

Kæru lesendur

Í dag opnar ný heimasíða Eystrahorns. Þar má finna bæði gamalt efni og nýtt, lesa blaðið, skoða eldri tölublöð og skrá sig til stuðnings.

Eystrahorn er borið frítt í öll hús í Sveitarfélaginu Hornafirði og þannig viljum við hafa það áfram. Til þess þurfum við fleiri styrktaraðila, bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Engin upphæð er of lág. Þú velur þá upphæð sem hentar þér og hjálpar þannig til við að halda Eystrahorni lifandi.



1.500 kr.
á mánuði



2.500 kr.
á mánuði



3.500 kr.
á mánuði



Býrð þú utan Hornafjarðar?

Þá getur þú fengið blaðið sent heim frá 2.500 kr. á mánuði



Kíktu á **eystrahorn.is** og skráðu þig eða hringdu í síma 867-6604

Kærar þakkir fyrir góðar viðtökur og allan stuðning

Guðrún Ásdís
Ritstjóri Eystrahorns

HRÓSIÐ

Við hvetjum lesendur sem vilja hrósa eða þakka fyrir eitthvað í okkar samfélagi til að senda tölvupóst á eystrahorn@eystrahorn.is.

Öllum manneskjum er mikilvægt að fá að lifa í vexti, allir þurfa að finna sinn rétta blómapott til að vaxa og dafna. Til þess að svo megi verða þurfa samfélög að búa yfir menntun og haga námi hvers og eins þannig að það sé stöðugt valdeflandi



Hingað til Hafnar flutti ég fyrir nokkrum mánuðum. Ég finn að vindar bjartsýni leika um samfélagið þó svo að skúraský sé víða að finna í veröldinni þessi dægri. Ég finn einnig að vorið er á næsta leiti hér í Hornafirði í viðum skilningi.

Ég tók við stjórn FAS í haust og hreifst strax af glæsilegu skólahúsnæðinu. Þegar inn var komið kynntist ég gríðarlega öflugum hópi kennara sem leitast við að koma til móts við þarfir allra í náminu. Milli kennara og nemenda er gildur og augljós þráður. Ég sá einnig fljótt hversu kurteisir og vel uppaddir nemendur skólans eru. Það er sannindamerki um að hryggjarstykki samfélagsins sé traust.

Ekki skemmdi heldur að Hornfirðingar eru góðir í viðkyppingu, þeir koma mér fyrir sjónir sem heiðarlegir og duglegir, þeir mættu kannski vera ögn stoltari af eigin ágæti enda óvíða á landsbyggðinni hægt að finna meiri uppgang í atvinnu- og menningarlífi en einmitt hér.

Þegar kemur að skólamállum er oft sagt að glögg sé gests augað. Ég á að baki tuttugu og fimm ára kennsluferil, hef kennt bæði í grunn-, framhalds- og háskólum. Þegar ég ber gæði litla skólans okkar saman við fyrri vinnustaði, sé ég undireins að FAS er sterkur og góður skóli. Ég vann lengi að gæðamati skóla, var m.a. í þrjú ár gæðastjóri í MR og kenndi þar í önnur fimmtán. Ég kom að alþjóðlegri gæðaúttekt á Háskólanum á Bifröst í gegnum setu mína í framkvæmdastjórn skólans sem forstöðumaður Háskólagáttar, auk þess sat ég sem fulltrúi atvinnulífsins í gæðanefnd Hugvísindaviðs Háskóla Íslands. Allar þessar stofnanir eru miklu stærri en okkar ágæti skóli. Þegar ég ber starfið í FAS saman við þessa skóla sé ég strax að samanburðurinn er okkur hagstæður og kennslan góð, reynt er að koma til móts við nemendur og þarfir þeirra, aðgengi nemenda að kennurum er gríðarlega gott og segja má að í FAS sé ofinn gildur þráður sem byggir á gæðum hinna nánu tengsla. Því má segja að mikill styrkur sé fólgin í smæðinni, því þannig gleymist enginn.

Þrátt fyrir smæðina hefur starfsfólk náð að skipuleggja námið vel og fjöldi fjarnema gert það að verkum að hægt er að halda úti ríkulegu áfangaframboði. Ég finn sterkt að starfsfólk FAS hefur í heiðri að skólinn sé fyrir nemendur og allt starf hans miðar að því að stuðla að velferð



þeirra.

Vonandi náum við í fyllingu tímans að gera góðan skóla enn betri. Við þurfum að ná að valdefla skólasamfélag okkar, vera dugleg að opna nemendum leið að veröldinni. Í því augnamiði ætlar skólinn að efla sitt alþjóðlega net og vonandi náum við því marki að allir nemendur skólans hleypi heimdraganum og nái á næstu misserum að fara í ferðalag út fyrir landsteinana. Alþjóðlegt samstarf hefur löngum verið aðalsmerki skólans.

Munum líka að kennslan snýst ekki um að fylla fat, við þurfum að kveikja eld þekkingarinnar. Sá eldur mun vonandi loga í framtíðinni og vera ljóstýran sem eflir okkar ágæta samfélag. Við Hornfirðingar erum ríkir að eiga góðar menntastofnanir á öllum skólastigum.

*Guðjón Ragnar Jónasson
Skólameistari FAS*

HRÓSIÐ

Starfsfólk og viðskiptavinir Nettó fyrir auðsýnda þolinmæði og skilning við yfirstandandi framkvæmdir. Sem næstum daglegur viðskiptavinur hefur mér fundist svo gott að finna fyrir þessum sameiginlega skilning á þeirri óreiðu sem ríkir í búðinni á meðan



framkvæmdum stendur. Mér finnst þetta líka næstum vera samfélagslegt stuðningsverkefni! Kona fer ósjálfrátt að tala meira við fólk í búðinni því jú, hver hefur ekki mætt í búðina og spurt næsta kunnulega andlit: Hvar skyldi nú osturinn vera í dag? - Með bros á vör og smá léttri lund yfir að deila því sameiginlega verkefni að finna út úr innkaupum dagsins.

Helga Árnadóttir



JÖKULLINN SKANNAÐUR TIL AÐ BÆTA ÖRYGGI

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Það var ekki aftur snúið þegar Stephan Mantler kom yfir Almannaskarð og sá yfir jöklana í fyrsta skipti. Þá hafði hann ferðast nokkrum sinnum til Íslands, sem var þegar orðið upphalds land hans til ferðalaga, en þarna hugsaði hann með sér: „Djöfull væri magnað að búa hér!“

Stephanerfæddur í Austurríki árið 1974 og er með doktorsgráðu í tölvunarfræði, með sérhæfingu í landupplýsingakerfum. Hann býr ásamt unnustu sinni, Ingu Stumpf, á Dynjanda í Nesjum. Þar hafa þau búið síðan árið 2013, þegar þau keyptu jörðina af vinafólki sem þau höfðu kynnst í gegnum hestamenskuna og var þá að hugsa sér til hreyfings. „Það var ekki annað hægt en að grípa tækifærið“ segir Stephan og lýsir því hvernig honum þyki enn ótrúlegt að horfa út um stofugluggann á þetta magnaða landslag. „Það eru ekki margir staðir í heiminum þar sem maður sér frá sjó og upp í jökulhulin fjöll.“

Í dag starfar Stephan við fjölbreytt verkefni tengd jöklum, fjallamennsku, öryggi og tækni. Hann rekur eigið fyrirtæki sem sérhæfir sig í einkaferðum, en undanfarna vetur hefur stór hluti starfsins einnig tengst fagráði íshellaferða og jöklaganga í Vatnajökulsþjóðgarði.

BÆTT ÖRYGGI Á JÖKLI

Stephan er formaður og verkefnastjóri fagráðs íshellaferða og jöklaganga í Vatnajökulsþjóðgarði. Hann segir starfið fyrst og fremst snúast um eina spurningu: hvernig sé hægt að bæta öryggið á jöklinum.

Þar skipti miklu máli að nýta þá reynslu sem þegar er til hjá fyrirtækjunum og skapa traustan vettvang til að miðla upplýsingum á milli aðila. „Betur sjá augu en auga“, segir Stephan og bendir á að mikilvægt sé að fá ólíka aðila að borðinu þegar kemur að öryggi á jökli.

Einnig þurfi að skoða hvar vanti frekari þekkingu eða gögn og hvað þurfi að bæta við, safna eða miðla, svo mat á

aðstæðum verði sem best hverju sinni. Það geti þó verið áskorun að bæta samtal og upplýsingaflæði milli fyrirtækja, bæði vegna samkeppninnar og mismunandi skoðana. Hann segir jafnframt að hópurinn sé kominn vel á veg í vinnunni og nú sé til dæmis komin upp vefsíða þar sem hægt sé að skrásetja og miðla upplýsingum um íshella og fleira tengt jöklinum.

JÖKULLINN SKANNAÐUR

Undanfarið hefur Stephan verið að próa aðferð til að skanna íshella á Íslandi með laserskanna. Tæknin er að hans sögn fyrst og fremst notuð í landmælingum og byggingarverkfræði, þar sem þörf er á að mæla og kortleggja svæði með mikilli nákvæmni. Með skönnuninni er íshellirinn færður yfir á stafrænt form og úr verður nákvæmt þrívíddarlíkan sem hægt er að skoða, mæla og bera saman síðar.

Stephan þekkir slíka gagnavinnslu vel frá fyrri rannsóknarverkefnum í Austurríki, þar sem sambærileg tækni var meðal annars notuð til að fylgjast með aflögun í jarðgangagerð. Hann segir skrefið því ekki hafa verið svo langt frá lestargöngum yfir í íshella, enda snúist verkefnið í báðum tilfellum um að fylgjast með rými sem getur tekið breytingum með tímanum.

Í upphafi var þó óvíst hvort aðferðin myndi henta vel í íshellum, þar sem ísinn er gegnsær og getur það haft áhrif á nákvæmni mælinganna. Fyrsta skrefið var því að leigja nokkrar gerðir af tækjum og prófa þau við íslenskar aðstæður. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og í haust fjárfesti Stephan í eigin skanna og öflugri tölvu til að vinna úr gögnunum. Um er að ræða verulega fjárfestingu, eða um sex milljónir króna, sem hann




Stephan Mantler á jökli

hefur sjálfur staðið straum af. Stephan segir nokkur fyrirtæki hafa boðist til að aðstoða við kostnaðinn, en honum hafi fundist mikilvægt að hann sjálfur, og þar með skanninn, væri óháður og hlutlaus í vinnu sinni fyrir fagráðið. Að hans mati þurfi því að finna lausn sem sé ekki tengd einstökum fyrirtækjum.

Það hefur gengið vel í vetur að próa aðferðina og safna reynslu af því hvernig best sé að skanna íshella við íslenskar aðstæður. Með skönnuninni er meðal annars hægt að mæla þykkt íssins og fá betri yfirsýn yfir það hvernig hellirinn liggur undir yfirborðinu. Slík gögn geta hjálpað til við að skilja betur uppbyggingu íshellisins, meta aðstæður og útbúa hjálpargögn á borð við kort af hellinum. Það getur skipt miklu máli í stórum og flóknum íshellum, þar sem erfitt getur verið að átta sig á rýminu með berum augum.

Stephan segir skannanirnar einnig geta nýst við fræðslu og námskeiðahald, þar sem hægt sé að sýna dæmi um ólíka íshella og aðstæður, jafnvel þegar viðkomandi hellar eru ekki lengur til staðar eða aðgengilegir. Í framtíðinni sér hann einnig fyrir sér að slík gögn gætu nýst í sýningum fyrir almenning, jafnvel með sýndarveruleikataekni, en segir það enn vera framtíðarmúsík.

Næsta skref í verkefninu er að búa til umhverfi á vefnum þar sem hægt



Þversnið sem sýnir samanburð tveggja skannana af sama íshelli með tveggja mánaða millibili. Lítnir sýna muninn á mælingunum, þar sem sjá má breytingar á yfirborði og um 30 cm bráðnun, en lítil sem engin breyting hefur orðið inni í hellinum sjálfum.


verður að skoða mælingarnar og setja inn athugasemdir beint við þrívíddargögnin. Einnig þarf að greina betur hvernig hægt sé að nýta þessi gögn, bæði með öryggi á jökli í huga og í öðrum tengdum verkefnum.

Stephan segir þó mikilvægt að átta sig á því að skönnunin sé aðeins eitt verkfæri af mörgum. Hún komi ekki í staðinn fyrir reynslu og þekkingu þeirra sem þekja jökulinn vel. Þannig sé til dæmis ekki hægt að sjá í gögnunum hvernig innri uppbygging íssins er, hvar öskulög liggja eða hversu sterkur ísinn er á hverjum stað. Þá sé heldur ekki raunhæft að skanna á hverjum degi og úrvinnsla gagnanna taki tíma.

”

“Því verður alltaf þörf á reynslumiklum mönnum sem geta metið aðstæður”

segir Stephan, en bendir jafnframt á að með laserskönnun, veðurstöðvum og öðrum hjálpargögnum sé hægt að styðja betur við það mat.



Þversnið úr tveimur íshellum ásamt yfirborði

SAMEIGINLEGT MARKMIÐ

Stephan segir að ekki sé hægt að tryggja hundrað prósent öryggi í afþreyingarferðum á jökli, hvort sem um er að ræða jöklagöngur, íshellaferðir eða snjósleðaferðir. Hlutverk leiðsögumannsins sé þó skýrt, að gera allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir slys.

Hann segir samkeppnina eiga heima á vefsíðum og hjá endursöluaðilum, en þegar fólk sé komið í ferð eigi allir að vinna að sama markmiði, að bjóða upp á bestu og öruggustu upplifun sem hægt er. Þar sé betra að vinna saman en á móti hvert öðru.

Náttúruvernd segir Stephan jafnframt vera sjálfsgögn hluta af ábyrgð ferðabjónustunnar. Ferðamenn komi til Íslands til að upplifa náttúruna og því þurfi að vernda hana eins vel og mögulegt er. Leiðsögumenn hafi þar mikilvægu hlutverki að gegna, bæði sem fyrirmyndir og við að útskýra hvað megi gera, hvað megi ekki gera og hvers vegna.

Hann bendir á að jöklaferðir séu fyrir marga ferðamenn eitt af fáum tækifærum til að verja nokkrum klukkutímum með

heimamönnum. Það sé því mikilvægt tækifæri til að koma réttum skilaboðum á framfæri.

Það er alveg ljóst að Stephan Mantler situr ekki auðum höndum og nokkuð ljóst að öryggi á jöklu er honum ofarlega í huga. Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig þessi vinna þróast áfram og hvernig tæknin getur nýst til að styðja enn betur við þekkingu, samtal og öruggari ferðir um jökulinn.



Svona lítur skanninn út, fyrirferðarlítill og því ekkert mál að labba með hann 3-4 km upp á jökul

LESFIMI

Aðsend grein: Grunnskóli Hornafjarðar

Lesfimiþróf eru þróf sem lögð eru fyrir grunnskólanemendur þrisvar sinnum á ári. Lesfimiþrófin meta hversu hratt og nákvæmlega barn les texta við hæfi miðað við aldur. Þrófin eru fyrst og fremst verkfæri til stuðnings, en ekki til samanburðar eða einkunnagjafar.

Nýlega voru gerðar breytingar á lesfimiþrófunum, en þá féllu eldri lesfimiviðmið úr gildi. Áður voru niðurstöður þrófanna bornar saman við fyrirfram ákveðin viðmið sem lýstu væntingum um árangur, en nú byggir matið á raunverulegum gögnum frá síðustu árum sem sýna hvernig lesfimi íslenskra barna þróast í reynd. Í stað þess að bera niðurstöður saman við ákveðin viðmið í lok skólaárs eru þær nú settar fram sem mælitala. Mælitölunni fylgir lýsing á stöðu nemanda, upplýsingar um styrk- eða veikleika í lestri og leiðbeiningar um áherslur á áframhaldandi lestrarkennslu.

Í byrjun mars birti Stjórnarráðið



upplýsingar um námsframvindu barna í lesfimi eftir sveitarfélögum. Í þeim niðurstöðum kemur Sveitarfélagið Hornafjörður nokkuð vel út en 78% nemenda náði lágmarksviðmiðum í lesfimi vorið 2025.

Við getum því verið stolt af árangri nemenda okkar í lesfimi. Það er við hæfi nú þegar styttest í sumarfrí að minna á mikilvægi lests, líka í sumarfríinu. Þá er tilvalið fyrir börn og fullorðna að nýta sumarið til að lesa saman bæði heima og á ferðalögum.

ATVINNA

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI ÓSKAST Í FULLT STARF EÐA HLUTASTARF Í GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2026-2027

VERKSVIÐ OG MEGIN VERKEFNI:

- Starfar í teymi með stoðþjónustu skólans
- Náms- og starfsfræðsla í elstu bekkjum grunnskóla.
- Fræðsla í bekkjum um námstækni, skipulag og markmiðasetningu.
- Fyrirlögn og úrvinnsla áhugasviðskannana.
- Stuðningur og ráðgjöf um líðan og námsframvindu einstakra nemenda.
- Ráðgjöf um markmið, námstækni og námsval til einstakra nemenda.

HÆFNISKRÖFUR:

- Leyfi til að nota starfsheitið Náms- og starfsráðgjafi á Íslandi.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.
- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki í starfi.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnarðarfullu umhverfi.
- Góð kunnátta í íslensku.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi LS og KÍ eða annarra félaga. Umsókn um starf skal skilað skriflega til skólastjóra fyrir 15. maí n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur.

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænánaskóli og heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á teymisvinnu og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár ásamt leiðsagnarnámi. Í Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel stutt og þar er blómlegt mannlíf.

hornafjörður
náttúrulega!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Þórsdóttir skólastjóri í síma 470-8440 og 698-6019 eða á tölvupóstfangið thordisth@hornafjordur.is

TÖLFRÆÐI ERLENDRA ÍBÚA

Aðsend grein: Anna Birna Elvarsdóttir

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er mikill fjölbreytileiki sem ber að fagna og er hann mikilvægt verkfæri þegar kemur að frekari samfélagsþróun og uppbyggingu öflugs og lifandi samfélags.

Samkvæmt tölfræði sem tekin var saman í mars á þessu ári eru íbúar með erlent ríkisfang nú 34,83 prósent íbúa sveitarfélagsins, en nánari sundurliðun eftir pósthúmerum má sjá í gröfunum. Gröfin staðfesta það að mesta breytingin hefur verið í pósthúmerinu 781, þar sem erlendum fjölgaði um rúm 56%, en í 780 og 785 var fjölgunin minni.



Í sveitarfélaginu búa einstaklingar frá 49 löndum og eru flestir erlendir ríkisborgarar frá Póllandi, en næstflestir frá Rúmeníu. Rúmenar eru þó aðeins fjórða fjölmennasta þjóðarbrotið í pósthúmerunum 780 og 781, en næst fjölmennastir í 785, þar sem þeir eru einungis þremur einstaklingum færri en Pólverjar.



Það sem vekur ef til vill mesta athygli er að tölurnar sýna að

fleiri íbúar með erlent ríkisfang búa í dreifbýli en í þéttbýli, alls 516 á móti 473. Þessar tölur staðfesta að fjölbreytileikinn nær víða um sveitarfélagið og takmarkast ekki eingöngu við stærsta byggðarkjarnann.

Rétt er að taka fram að tölurnar eru ef til vill ekki alveg hárnákvæmar, þar sem sumir sem flytja aftur til síns heimalands skrá sig ekki alltaf úr landi. Það er skiljanlegt þar sem því fylgir oft enginn beinn ávinningur og getur jafnvel auðveldað endurkomu síðar. Það helsta sem hægt er að gera til að bæta þetta er að hvetja atvinnurekendur til að minna starfsfólk á að skrá flutning þegar það flytur úr sveitarfélaginu og úr landi, enda gefa réttari tölur betri heildarsýn.

Tölurnar sýna breytingar, en þær segja líka sögu samfélags sem er stöðugt að þróast. Í Sveitarfélaginu Hornafirði býr fólk með ólíkan bakgrunn, reynslu og tungumál, en saman byggjum við eitt samfélag sem verður sterkast þegar öll fá að taka þátt í uppbyggingu þess. Við erum heppin að búa við svona mikinn fjölbreytileika og það er mikilvægt að virða hann og nýta þann styrk sem í honum felst.

Höfundur er verkefnastjóri fjölmennings-, inngildingar- og jafnréttismála í Sveitarfélaginu Hornafirði.



STUÐNINGSÚRRÆÐI FYRIR BÖRN Á HORNAFIRÐI

Aðsend grein



Miðgarður þar sem velferðarsvið sveitarfélagsins er til húsa

STUÐNINGS- FJÖLSKYLDUR

Stuðningsfjölskyldur er úrræði sem sveitarfélögum ber að veita samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022 auk laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Stuðningsfjölskyldur eru heimili sem bjóða börnum að dvelja hjá sér tímabundið og gegna því mikilvæga hlutverki að veita börnum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku og léttu álagi af fjölskyldum barna. Stuðningsfjölskyldur geta með þátttöku sinni aukið lífsgæði og vellíðan barna, eftir þau félagslega, stuðlað að

aukinni tengslamyndun og veitt foreldrum hvíld og auknið svigrúm til að sinna öðrum verkefnum.

Stuðningsfjölskylda getur verið einstaklingur eða þar sem býr á Hornafirði eða nágrenni, er ábyrgur, áhugasamur og hefur hæfni til að annast börn. Leitast er eftir einstaklingum sem búa yfir góðum samskiptahæfileikum og umhyggju. Þeir aðilar sem taka að sér að gerast stuðningsfjölskylda fá fræðslu um þarfir þeirra barna sem um ræðir frá foreldrum barnanna sem og fagaðilum ef þess gerist þörf.

EINSTAKLINGS- STUÐNINGUR

Einstaklingsstuðningur (félagsleg liðveisla) er úrræði sem sveitarfélögum ber að veita samkvæmt VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

nr. 40/1991, 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Einstaklingsstuðningur er persónuleg og markviss aðstoð fyrir einstaklinga sem þarfnast stuðnings við félagslega- og samfélagslega þátttöku, tengslamyndun eða dagleg verkefni. Markmið með einstaklingsstuðningi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku, efla börn til aukinnar sjálfshjálpar og léttu álagi af fjölskyldu og barninu sjálfu. Einstaklingsstuðningur felur t.d. í sér að fylgja börnum á félags- og íþróttaviðburði, kíkjia á kaffihús, fara í göngutúr eða annað sem barnið hefur gaman af.

Stuðningsfjölskyldur og einstaklingsstuðningur eru mikilvæg og sveigjanleg úrræði sem styrkir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild sinni. Úrræðin geta aukið vellíðan, stuðlað að sjálfstæði og veita ómetanlega stuðning þar sem hann skiptir mestu máli.

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar sér um framkvæmd þjónustunnar og ef þú eða einhver sem þú þekkir hefur áhuga á að fá að vita meira þá hvetjum við hér með til þess að þú hafir samband í síma 470-8011 eða á velferd@hornafjordur.is – hlökkum til að heyra frá þér!

*F.h. Velferðarsviðs
Sædis Ösp Valdemarsdóttir,
umsjónarfélagsráðgjafi*

alltaf á sínum stað...



www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300

ATVINNA LAUST STARF VIÐ SVAVARSSAFN

Menningarmiðstöð Hornafjarðar óskar eftir sérfræðingi til starfa

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar rekur þverfaglega og fjölbreytta stofnun sem sér meðal annars um fjögur söfn sveitarfélagsins, lista-, byggða-, bóka- og héraðsskjalasafn. Níu starfsmenn starfa saman hjá stofnuninni þó hver með sitt sérvið. Við auglýsum nú stöðu sérfræðings á listasafn Svavars Guðnasonar lausa til umsóknar.

Um fullt starf er að ræða og gerð er krafa um búsetu á svæðinu. Viðkomandi mun leiða starfsemi listasafnsins í samráði við forstöðumann. Mikill metnaður er fyrir sýningarhaldi Svavars safns sem og miðlun og varðveislu safneignarinnar.

Áhersla er lögð á að safnið og Menningarmiðstöðin öll auðgi samfélagið og sé í virku samtali við íbúa og aðra hagaðila.

Helstu verkefni:

- Leiða faglegt starf safnsins og daglega umsjón þess
- Umsjón með verkum og varðveislur þeirra
- Skipulagning og uppsetning sýninga
- Samskipti við listamenn og hagaðila
- Skrif og eftirfylgni styrkumsókna

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking og reynsla af styrkumsóknum
- Góðir skipulagshæfileikar og lipurð í samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Þekking á menningarlífi í sveitarfélaginu kostur

Laun eru greidd samkvæmt samningum launnefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2026

Umsókn með ferilskrá, meðmælendum og kynningarbréfi sendist rafrænt á netfangið kristinvala@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar um starfið veitir Kristín Vala Prastardóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, á netfanginu kristinvala@hornafjordur.is og í síma 470-8051.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

hornafjörður
náttúrulega!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEYRN

Heyrnarþjónusta síðan 2007

534-9600

heyrn.is



KASK

Flutningar

Daglegar ferðir milli
Hafnar og Reykjavíkur
Sími: 470 8220

aa cave AI

Prifa- og gæðakerfi
fyrir hótél og gististaði

- Sjálfvirk tenging við hótélkerfið þitt
- Yfirsýn og rauntímagögn sem skila árangri
- Notendavænt, fljótlegt og aðgengilegt



ÍSLENSKT HUGVIT

aa cave.com | Sími 786-1200

Hannað á Íslandi.
Byggt fyrir þínar þarfir.



Til sölu
Framnes í Nesjum



Verð 150 milljónir.

364 fermetrar og tæpir þrjú hektarar af landi.

8 svefnherbergi.

Nánari upplýsingar: 699-0082 (Valgerður),
849-4568 (Lilja) eða 866-9034 (Sigrún).

ÞAU VORU Í FAS EN HVAR ERU ÞAU NÚ?

Aðsend grein: Hjördís Skírnisdóttir

FAS hóf starfsemi árið 1987 og fyrstu árin voru nemendur útskrifaðir frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Árið 1997 fékk skólinn leyfi frá ráðuneytinu til að útskrifa stúdenta og hefur nú útskrifað nemendur í tæplega þrjá áratugi, bæði af stúdentsbrautum og eins úr ýmiss konar starfsnámi.

Það eru fjöldamargir í samfélaginu okkar sem eiga minningar um að hafa farið í FAS og útskrifast þaðan. Á velflestum vinnustöðum í sveitarfélaginu starfar fólk sem undirbjó sig fyrir frekara nám í FAS. Okkur finnst alltaf jafn frábært þegar unga fólkíð okkar snýr heim aftur og velur að búa hér.



Við hugsum oft til fyrrverandi nemenda okkar og finnst gaman að heyra hvað er verið að fást við í dag. Margir búa hér, aðrir eru vítt og breitt um landið og einhverjir búa jafnvel erlendis og eru í framhaldsnámi eða í vinnu.

Við ákváðum að taka hús á þremur fyrrverandi nemendum okkar og athuga hvað þau séu að fást við í dag.

ANNA LÁRA

Hvað er verið að brasa í dag?

Ég heiti Anna Lára Grétarsdóttir og útskrifaðist úr FAS vorið 2024. Í dag er ég að læra lækisfræði í Háskóla Íslands og er alveg að verða búin með fyrsta árið. Ég er fulltrúi fyrsta árs læknanema í stjórn Félags Læknanema (FL). Ég vinn einnig í sjúkraliðastöðu á Landspítalanum samhliða náminu.

Hvernig var vistin í FAS?

Vistin í FAS var frábær, mér fannst mjög gaman að vera í FAS og gott að geta búið heima hjá mér, þó svo að ég hafi ekki áttað mig á því hvað það var þægilegt fyrr en ég flutti að heiman!

Mér fannst einnig kostur hvað það var þægilegt að vera í skólabyggingunni sjálfri, en mér fannst fínt að geta verið í skólanum að brasa alls konar, fyrst ég er útskrifuð get ég viðurkennt núna að maður var ekki alltaf að læra þótt maður væri í skólanum, en margar af mínum bestu minningum frá FAS eru einmitt þær sem voru kannski ekki beint að ýta undir námsárangurinn minn, heldur þær þegar maður tók þátt í einhverju rugli inni á lesstofu, skaust á Hafnarbúðina í hádeginu eða kíkti inn á kennarastofu í almennt spjall svo eitthvað sé nefnt.

Hvernig hefur veran í FAS nýst mér í frekara námi?

Það var stundum ansi fámennt í sumum áföngum sem ég tók í FAS. Það voru bæði kostir og gallar við það, en helsti kosturinn að það voru stundum bara 1-2 nemendur í tímum og þá gat ég spurt kennarana að bókstaflega öllu sem ég skildi ekki og tók því oft mikið út úr kennslunni.

Annað sem er sérstaða í FAS eru munnlegu lokamötin, en þau hafa einmitt nýst mér að því leyti að sum lokapróf í lækisfræði eru munnleg, það er nefnilega eitt að læra eitthvað efni og geta skrifað það á prófi, en það er allt annað að þurfa að gera það

munnlega þar sem maður fær mun minni tíma til að hugsa.

Ég var forseti Nemendafélags FAS á þriðja ári, en sú reynsla hefur nýst mér þar sem ég er í stjórn FL, sem fer fyrir hagsmunum læknanema og er hornsteinninn í félagsstörfum læknanema ásamt undir- og samstarfsfélögum.



STAÐNÁM Í FAS

Opið er fyrir skráningu

Nám í heimabyggð



Skráning og nánari upplýsingar á fas.is

BIRGIR

Hvað er verið að brasa í dag?

Ég heiti Birgir Sigurðsson og var á náttúru- og raunvísindabraut í FAS frá 2018-2021. Ég var einnig skráður á fjallamenskubraut í FAS. Eftir útskrift lagði ég stund á nám í hugbúnaðarverkfræði hjá HÍ og lauk B.S. prófi vorið 2025.

Núna starfa ég sem verktaki hjá tveimur fyrirtækjum í því sem heitir á ensku „BI engineer“ en þetta er forritunarvinna. Ég er gjaldkeri fyrir RVKHEMA sem er íþróttafélag og kenni á haustönnum tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Hvernig var vistin í FAS?

Þegar ég var í FAS þá fannst mér skemmtilegt að námið var að mestu leyti í mínum höndum og ég vissi hvenær ég átti að læra í hverju fagi fyrir sig. Þetta kenndi mér að gera tímaáætlanir sem hefur hentað mér vel, sérstaklega í háskólanámi.

Hvernig hefur veran í FAS nýst þér í frekara námi?

Á meðan ég var í námi við FAS var markmiðið að undirbúa nemendur fyrir háskólanám og það var gert með því að setja námið í okkar hendur. Þetta reyndist mér mjög vel þegar ég byrjaði í Háskóla Íslands. Þar er námið í höndum nemenda og þeir bera ábyrgð á því að verkefni séu unnin.

Í FAS lærði ég að tímasetja mig og það hjálpaði mér mikið á meðan ég var í námi og gerði mér kleift að skipuleggja vikuna mína og hafa yfirlit yfir hvenær ég ætlaði að vera búinn að klára ákveðna hluti og hvenær ég þurfti að vinna í þeim. Nú hef ég verið dæmatímakennari í þrjú ár og get sagt að þetta er eiginleiki

sem vantar að kenna mörgum nemendum sem koma frá öðrum skólum.

Hverjir eru kostir skólans?

Kostirnir við FAS eru að þar er hægt að fá undirbúning fyrir nám á háskólastigi fyrir þá sem stefna á slíkt nám. Ég var líka skráður á fjallamenskubrautina í FAS og mér fannst það frábært að geta sameinað námið og útivist. Um leið gafst nemendum kostur á að undirbúa sig undir frekara nám í fjallamenskubraut, jafnvel á háskólastigi.

Þá fannst mér kostur að bókasafnið í Nýheimum er frekar stórt og það hjálpar þegar þarf að leita heimilda.

Hverjir eru ókostir við svona lítinn skóla?

Það er aðallega bara einn stór ókostur og það er staðsetningin. Höfn er landfræðilega „einangrað“ svæði sem gerir það að verkum að það oft er erfitt að fá kennara til að kenna sérgeinar og stundum verður að taka þær í fjarnámi t.d. forritun. En þetta á við fleiri smáa bæi hér á landi.



SÆVAR RAFN

Hvað er verið að brasa í dag?

Ég heiti Sævar Rafn Gunnlaugsson og útskrifaðist af náttúru- og raunvísindabraut frá FAS vorið 2023. Eftir útskrift frá FAS skræði ég mig í lífefna- og sameindalíffræði í Háskóla Íslands og lýk B.S. gráðu núna í vor. Eftir það er stefnan sett á meistaranám í sameindalíffræði og ætla ég fara í það nám í Finnlandi.

Hvernig var vistin í FAS?

Vistin í FAS var frekar góð og ég lærði mikið þar. Það var sérstaklega áhugavert og skemmtilegt að fara út og skoða umhverfið. Þannig er hægt að læra mikið. Þetta á t.d. við um ferð að Heinabergsjökli þar sem er verið að skoða ummerki eftir jökla og eins á Skeiðarársand þar sem er verið að fylgjast með gróðurframvindu á svæðinu.

Hvernig hefur veran í FAS nýst mér í frekara námi?

Námið hefur gagnast mér til framtíðar á margan hátt. Til dæmis hversu margir áfangar í náttúru- og raunvísindum eru í boði – miðað við að skólinn er ekki stór. Auk þess hefur æfingin í að tala ensku í námsumhverfi í erlendum samskiptaáföngum hjálpað til að auka þá nauðsynlegu félagsgetu sem þarf til að geta tekið þátt í vinnu á ensku á herra menntastigi.

Hverjir eru kostir skólans?

Stærsti kosturinn er að geta búið heima og stundað nám í framhaldsskóla. Það er dýrt að flytja að heiman og nóg að gera það þegar farið er í háskóla. Annar kostur við skólann eru ferðirnar í erlendum samskiptum en þær ferðir bjóða upp á mikla upplifun og tækifæri til að kynna öðru landi og annarri menningu.

Þá er það mikilvægur kostur að í FAS er hægt að fara til kennara nánast hvenær sem er til að fá aðstoð og kennslan þar er persónuleg.

Hverjir eru ókostir við svona lítinn skóla?

Í svona litlum skóla eru oft færri sérhæfðir áfangar í boði og þá þarf að taka þá í fjarnámi. Þetta á sérstaklega við þegar stefnan er sett á ákveðið háskólanám.



NÝR TANNLÆKNIR TEKUR TIL STARFA

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Tímamót eru framundan í tannlæknaþjónustu í sveitarfélaginu. Héðinn Sigurðsson lætur af störfum eftir að hafa sinnt þjónustunni um árabíl. Flestir Hornfirðingar hafa líklega sest í stólinn hjá Héðni á undanförunum árum og er ég nokkuð viss um að ég geti þakkað honum hér með fyrir hans störf fyrir hönd okkar allra. Nú leikur mörgum forvitni á að vita hver tekur við og því höfðum við samband við nýjan tannlækni og spurðum hann spjörunum úr.

Daði Hrafnkelsson er uppalinn á Breiðdalsvík. Eftir menntaskóla lauk hann kandidategráðu frá Háskóla Íslands og hóf störf í Kópavogi að námi loknu, árið 2005. Hann flutti til Danmerkur árið 2010 og varð hluthafi í tannlækna stofnunum Godt Smil. Þegar hann hóf störf þar voru stofurnar þrjár talsins en þegar hann ákvað að flytjast aftur heim voru þær orðnar 46, staðsettar víða um Danmörku. Árið 2015 lauk Daði mastersgráðu frá Goethe-Institut í Frankfurt. Daði er í sambúð með Möggu og saman eiga þau stóra fjölskyldu, á milli þeirra eru sex börn, tengdabarn, hestar og hundur.

Daði hefur lengi haft tengsl við Hornafjörð. Þegar hann sá að Héðinn hafði auglýst stofuna til sölu kviknaði áhuginn og hann ákvað að skoða málið nánar. Hann segist eiga bæði ættingja og vini á svæðinu og líti á þetta sem gott tækifæri til að komast meira austur, kynnast sveitarfélaginu betur og fólkinu auðvitað.

Daði rekur einnig tannlækna stofuna Domus Dentis í Kópavogi og kemur því ekki til með að flytja sjálfur austur. Á næstunni mun hins vegar tannlæknir flytja á Höfn og sinna Domus Dentis Hornafirði í fullu starfi. Sá tannlæknir hefur tengsl við Höfn og hefur áður starfað hjá Héðni. Daði mun sjálfur koma reglulega austur og sinna ákveðnum verkefnum á stofunni. Auk þess munu tannlæknar og tannsmíðir sem starfa með honum í Kópavogi koma austur með reglulegu millibili.

Aðspurður hvort breytingar verði á rekstri stofunnar, tækjabúnaði eða öðru segir Daði: „Héðinn er náttúrulega búinn að gera þetta vel, en það fylgja nýju fólki alltaf nýjar áherslur.“ Gert er ráð



Daði við kennslu í tannlækningum. Mynd: Domus Dentis

fyrir nokkrum breytingum á stofunni og talsverður nýr tækjabúnaður verður tekinn í notkun, meðal annars röntgentæki, prívídarskanni og prívídarprentari. Þessi tæki munu að sögn Daða auka skilvirkni mikið og einfalda alla tannsmíði.

Einnig er stefnt að því að vera með færanlegan tækjabúnað þannig að hægt verði að veita þjónustu á hjúkrunarheimilinu og sinna þeim sem eiga erfitt með að komast á stofuna. Daði segir mikilvægt að þjónustan sé stöðug, að opið sé allt árið um kring og að sem oftast verði tveir tannlæknar að störfum. Þannig megi minnka biðlista. Stefnt er að því að bjóða upp á alla almenna tannlæknaþjónustu, nema helst tannréttingar.

Að lokum spurðum við Daða út í áhugamálin hans og sagði hann útivist, fjallgöngur og hesta vera stóran hluta af áhugamálum fjölskyldunnar. Stangveiði og skotveiði koma einnig sterk inn. Daði segist spenntur fyrir því að koma oft



Daði Hrafnkelsson tannlæknir

austur, enda vanur litlum samfélögum og kunnri vel við þau. Náttúran í kring skemmi heldur ekki fyrir og hann hlakki til að sinna áhugamálunum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eystrahorn óskar Daða velfarnaðar og vonar að áframhaldandi tannlæknaþjónusta í sveitarfélaginu gangi sem best. Um leið þökkum við Héðni Sigurðssyni kærlega fyrir hans störf í þágu Hornfirðinga.

STARF FORSTÖÐUMANNNS ÞÓRBERGSSETURS Á HALA ER LAUST TIL UMSÓKNAR

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf á Þórbergssetri á Hala í Suðursveit þar sem reynir á frumkvæði, sköpun og metnað. Forstöðumaður Þórbergssseturs hefur umsjón með daglegri starfsemi og móttöku ferðamanna. Hann starfar með stjórn og í náninni samvinnu við leigutaka veitingasölu í Þórbergssetri.

Miðað er við öflugt menningarstarf á forsendum staðbundinnar þekkingar og arfleifðar Þórbergs Þórðarsonar.

Starfið er laust frá og með **1. janúar 2027**. Viðkomandi skal hafa fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði, en húsnæði fylgir ekki starfinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjármál, rekstur og styrkumsóknir
- Stefnumótun og útfærsla á starfsemi
- Öll miðlun, viðburðir og sýningar stofnunarinnar
- Samningar og samstarf við innlenda og erlenda aðila
- Starfsmannamál og umsjón fasteigna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði hug- eða félagsvísinda og skyldra greina er æskileg
- Góð þekking á menningarmiðlun og hagnýt reynsla á því sviði
- Leiðtogahefuleikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjárhagslegri ábyrgð
- Reynsla af bæði fræðilegum og almennum textaskrifum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti
- Reynsla af þverfaglegu samstarfi er æskileg

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Sótt er um starfið í gegnum Alfred.is.

Umsóknarfrestur er til 15. júní næstkomandi

Nánari upplýsingar veita *Soffía Auður Birgisdóttir rannsóknarprófessor í síma 848-2003* og *Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður Þórbergssseturs í síma 623-7973*



Þórbergssetur

Auglýsing um skipulag

Nýtt deiliskipulag Skarðshólar

Bæjarstjórn Hornafjarðar ákvað á 347. fundi sínum að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Skarðshólar skv. 41. gr. skipulagslaga. Skipulagssvæðið sem er 2,5 ha að stærð tekur yfir byggingarreit og aðkomu að svæðinu en jörðin sjálf er 57,1 ha að stærð. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir íbúðarhúsi og útihúsi auk aðkomu að svæðinu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma frá og með 15. apríl til 30. maí 2026 og skal þeim skilað í gegnum skipulagsgáttina undir máli nr. 438/2026.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Tillaga að Aðalskipulagi

Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2025-2040

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur birt tillögu að nýju aðalskipulagi í Skipulagsgátt í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Athugasemdafrestur er til og með 12. júní 2026. Að frestinum liðnum verður tekin afstaða til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Afgreiðsla og umsögn bæjarstjórnar um athugasemdir verður send þeim aðilum sem gerðu athugasemdir og niðurstaða bæjarstjórnar verður auglýst.

Sjá nánar um aðalskipulagsverkefnið á aðalskipulagsvef sveitarfélagsins: www.hornafjorduradalskipulag.is/frettir

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

KVENFÉLAGASAMBANDIÐ HEIMSÓTTI HORNAFJÖRÐ



Eva Björk og Dagmar Elín ásamt hornfirskum kvenfélagskonum

Samband austur skaftfellskra kvenna, SASK, tók á móti þeim Dagmar Elínu Sigurðardóttur, forseta Kvenfélagasambands Íslands, KÍ, og Evu Björk Harðardóttur, varaforseta KÍ, miðvikudaginn 15. apríl síðastliðinn.

Af því tilefni var haldinn opinn kynningarfundur í safnaðarheimili Hafnarkirkju í hádeginu, þar sem kynnt var starfsemi Kvenfélagasambands Íslands og kvenfélaganna. Boðið var upp á brauðmeti, salat, heimabökuð ostahorn, kaffi og konfekt. Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður sköpuðust um starfið. Ljóst var að mikill hugur er í konum á svæðinu.

Guðbjörg Ósk, formaður SASK, bauð gesti velkomna ásamt konum úr stjórn sambandsins og kvenfélögum af svæðinu. Þær Dagmar og Eva Björk kynntu fjölbreytt starf Kvenfélagasambandsins, meðal annars Húsfreyjuna, Leiðbeiningastöðina, Viku einmanaleikans og fleiri verkefni.

Aðaltilgangur ferðar þeirra til Hornafjarðar var að afhenda gjöf til ljósmóðurinnar á Höfn. Í tilefni af 90 ára afmæli Kvenfélagasambands Íslands árið 2020 var farið í söfnunaráttak til að kaupa búnað sem tengir rafrænt öll ómtæki á landinu. Tækin sem keypt voru fyrir söfnunarféð eru nú komin á alla fæðingarstaði landsins.

Afgangur varð af söfnunarfénu og var ákveðið, í samráði við yfirljósmóður HSU, að kaupa tæki til notkunar á Höfn. Um er að ræða gulumæli og heyrnarmæli sem geta flýtt fyrir því að foreldrar komist heim eftir fæðingu barns.

Heiðís Anna Marteinsdóttir ljósmóðir tók á móti gjöfunum og þakkaði kærlega fyrir. Hún sagði tækin þegar hafa komið að góðum notum, en þau komu til Hafnar í desember síðastliðnum.



Dagmar Elín, Guðbjörg Ósk og Eva Björk

ATVINNA AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI ÓSKAST Í GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

Staða aðstoðarskólastjóra í Hafnarskóla sem hýsir yngra og miðstigi skólans er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur reynslu af skólastarfi og góðri færni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki seinna en 1. ágúst 2026.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Um 100% starf er að ræða.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA:

- Kennsluréttindi og kennslureynsla í grunnskóla
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni
- Þekking og reynsla af uppeldi til ábyrgðar og leiðsagnarnámi
- Sýnir metnað í starfi, sjálfstæði, drifkraft og áhuga fyrir skólaþróun
- Hefur skipulagshæfileika og er tilbúin/n að leita nýrra leiða í skólastarfinu
- Íslenskukunnátta á stigi C2 samkvæmt samevrópska matskvarðanum

STARFSSVIÐ AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA:

- Sér um daglegt skipulag á yngra og miðstigi skólans.
- Tekur þátt í að stýra faglegu starfi út frá stefnu skólans
- Er staðgengill skólastjóra og sinnir verkefnum sem skólastjóri felur honum
- Er yfirmaður stoðþjónustu á yngra og miðstigi skólans
- Vinnur að öflugu samstarfi innan og utan skólasamfélagsins
- Starfar í anda laga um farsæld barna

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 börn í 1. – 10. bekk og um 60 starfsmenn. Í skólanum fer fram metnaðarfullt starf með áherslu á leik, sköpun, gleði og vellíðan.

Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfað eftir hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ sem kennir sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Skólinn tekur þátt í verkefnum „Skólar á grænni grein“ og „Heilsuefandi grunnskóli“. Í Skólanum er verið að innleiða nýja aðalnámsskrá grunnskóla ásamt leiðsagnarnámi.

Bent er á að samkvæmt lögum þurfa umsækjendur að samþykka heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá. Starfið hentar öllum kynjum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsókn skal berast til skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar thordisth@hornafjordur.is fyrir 15. maí 2026. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Þórdís Þórsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar í síma 470-8440 og 698-6019 eða thordisth@hornafjordur.is

FRÁ TÓNSKÓLA AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Aðsend grein: Jóhann Morávek

Veturinn hjá Tónskólanum hefur verið viðburðaríkur og skemmtilegur. Nýuppgert húsnæði hefur veitt nemendum og starfsfólki mikla ánægju og aðstaðan öll til fyrirmyndar. Eins og áður hefur komið fram, þá seinkaði uppsetning á sviðsbúnaði vegna kærumála en nú erum við lögð af stað með þann hluta og reiknum með að ljós, hljóð, og tjöld verði tilbúin í sumar.



Nótan er uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem haldin var 18. apríl. Fyrirkomulagið í ár voru tónleikar þar sem nemendur frá öllum tónlistarskólum á Austurlandi komu saman í Miklagarði á Vopnafirði og héldu tónleika. Héðan fóru 3 stúlkur úr 6. bekk og spiluðu hver sitt lagið og eitt lag saman. Þær stóðu sig með stakri þrýði og voru okkur til sóma.

Framundan eru skólalokin og ætlum við að vera með tvenna tónleika núna í maí. Sjá auglýsingu í blaðinu. Þar koma fram nemendur með hljóðfærin sín og svo verða söngtónleikar með nemendum þar sem lög Magnúsar Eiríkssonar verða í aðalhlutverki. Þessir 2 tónleikar eru okkar vortónleikar og lokahnykkurinn í vetrarstarfinu. Öll eru velkomin sem vilja. Skólaslit Tónskólans verða þriðjudaginn 26. maí kl. 17.00



Nemendur tónskólans sem komu fram á Nótunni. Steinunn Lilja á píanó, Nanna Eir á gítar og Katla á trompet

Efnalaug Dóru

Fatahreinsun - Þvottahús

Leiga & þvottþjónusta

Við veitum áreiðanlega og faglega þjónustu fyrir hótél, gistiheimili, heimagistingar og fyrirtæki frá Öræfum og austur í Lón.

Við bjóðum upp á leigu á hótellíni, mottum og dúkum, ásamt þvotti og hreinsun á starfsmannafatnaði, tuskum og fleiru.

Sækjum og sendum þvott eftir samkomulagi innan Sveitarfélags Hornafjarðar

Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar.

Efnalaug Dóru ehf

Þvottahús og hreinsun
Bugðuleiru 4, sími: 4782217
efnalaugdoru@efnalaugdoru.is

Tónskóli

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU
kynnir

12. MAÍ
kl. 17:30

Nemendur Tónskólans verða með **vortónleika** þriðjudaginn 12. maí kl. 17.30. Þar koma fram nemendur á **öllum aldri** ýmist með **einleik** eða í **samspili**.

20. MAÍ
kl. 18:00

Söngtónleikar miðvikudaginn 20. maí kl. 18.00 þar sem nemendur **söngnámskeiða** ásamt nemendum í **einkatímum** syngja saman lög eftir **Magnús Eiríksson** við undirleik kennarahljómsveitar.

Tónleikarnir eru í Sindrabæ og eru öll velkomin
Áætluð lengd þeirra er um 45 mín.



ÓSKAÐ EFTIR ANDLITUM PORTRETT AF HÖFN

Aðsend grein

Kæru Hornfirðingar og aðrir íbúar, mig langar að biðja ykkur um að sitja fyrir.

Höfn var mitt fagra æskuheimili en nú sný ég aftur, 30 árum síðar, sem myndlistarmaður til að taka myndir af bæ og fólki fyrir sýningu í Svavarssafni. Ég óska hér með eftir samstarfi við Hornfirðinga um að sitja fyrir á portrettljósmynd á fyrstu dögum júnímánaðar. Þátttakendur fá að sjálfsögðu myndina að gjöf að myndatöku lokinni en gefa á móti tíma sinn og ásjónu.

Þegar hef ég byrjað að safna útsýni og birtu, hreindýra- og götuhornum og tekið myndir af bænahúsum og trampólínum. Höfn er í senn eins og ég man og sem ný veröld. Sprungurnar í gangstéttunum eru kunnuglegar en hvalbeinin hafa flutt sig milli garða. Allir vegir liggja ennþá út í Ósland en ný hverfi hafa risið, komin sundlaug þar sem eitt sinn var tjörn og blómabúð þar sem eitt sinn var sundlaug. En nú langar mig til að hitta fólkið sem



Ljósmynd eftir Hallgerði

skapar bæinn, festa það - ykkur - á filmu. Því bið ég þig, kæri lesandi, um að leggja mér og verkinu lið 2.-4. júní. Þið getið komið til mín eða ég til ykkar, allt eftir hentisemi hvers og eins. Endilega heyrði í mér í síma 6908902 eða með að skrifa

til mín hér hallgerdur.hallgrims@gmail.com
Fyrri verk má finna hér fyrir áhugasöm:
www.hallgerdur.com

Hallgerður Hallgrímsdóttir,
myndlistarmaður og fyrrverandi íbúi.



HEIMKOMA

Ásgríms Halldórssonar SF-250

Í tilefni af heimkomu nýs uppsjávarskips Skinneyjar-Þinganes, Ásgríms Halldórssonar SF-250, verður skipið til sýnis við Krossseyjarbyggju á Höfn sunnudaginn 10. maí kl. 15:00-18:00.



Gestum gefst kostur á að koma um borð og skoða skipið.



Allir eru velkomnir að skoða skipið og fagna þessum áfangi með okkur.





MÚLASKÁLI

sumarið 2026

Lausar gistinætur í Lónsöræfum



Nánari upplýsingar og bókanir:

maggape@simnet.is

sími: 868 7624

ferdafelag@gonguferdir.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

GÖNGULEIÐIR VIÐ HORNAFJÖRÐ

Höfundur: Rannveig Einarsdóttir



Fæst í Berg-spor

AUKASÖFNUN Á DEKKJUM OG RAFTÆKJUM FRÁ HEIMILUM FER FRAM Í JÚNÍ

Í júní fer sveitarfélagið af stað með aukasöfnun fyrir íbúa í dreifbýli. Tekið verður við dekkjum og raftækjum til heimilisnota (*ekki búnaði frá atvinnurekstri eða landbúnaði*).

Ef þú vilt nýta þér þjónustuna, vinsamlegast sendu tölvupóst á afgreidsla@hornafjordur.is eða hringdu í móttöku í síma **470 8000** og skildu eftir tengiliðaupplýsingar ásamt áætluðu magni.

TYRE AND HOUSEHOLD ELECTRONICS COLLECTION IN JUNE

In June, the municipality will provide an additional waste collection service for residents in rural areas. During this service, we will collect tyres and household electronic items (*not equipment from industrial or agricultural use*).

If you would like to use this service, please send an email to afgreidsla@hornafjordur.is or call the reception at **470 8000** to leave your contact information and an estimate of the quantity.



 Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

GLEÐIDAGAR Á GÁLGAÁSI

Aðsend grein

Helgina 18. og 19. apríl lögðu 15 meðlimir Samkórs Hornafjarðar og kórstjóri land undir fót ásamt þeim mökum sem átta heimangengt og fóru austur á Egilsstaði. Tilefnið að halda tónleika og taka þátt í messuhaldi.

Ástæða þess að þessi staður var valinn var að styrkja þau vináttubönd sem lagður var grunnur að á sl. vori er kór Egilsstaðakirkju kom í heimsókn til Hornafjarðar og hélt tónleika.

Farið var á einkabílum og sameinast var í bíla. Spenningur var í hámarki en sumir völdu að taka bara þjóðveg eitt en aðrir tættust yfir Öxi og skipti þá engu hvort fólk var á jeppum eða fólksbíl. Heyrst hefur að Keli kórstjóri hafi haft svo mikla löngun til að sjá þessa leið, öðruvísi en í þoku að það var bara slegið í Ljónið hvort sem leiðin var fær eða ekki. Og heilladísirnar voru hliðhollar og það var útsýni í allar áttir. Tekið skal fram að hann og Luis voru lang fyrstir á staðinn og búnir að synda maraþon í sundlauginni áður en undirrituð allavegana mætti.

Ekki er vitað um neinn sem reyndi að stytta sér leið og fara Lónsheiði. Héraðið tók á móti okkur með hvít fjöll en vor í lofti, þeir hafa meira að segja sól.

Egilsstaðakirkja er rúmlega 50 ára falleg bygging og stendur á svokölluðum Gálgaás og Gálgaklettur er í nágrenni kirkjunnar. Þessi staðarnöfn segja okkur að þarna hafi átt sér aftökur áður fyrr. Og heimildir eru um beinafundi á þessum slóðum og góð saga hvort sem hún er sönn eða ei er að undir kirkjunni hvíli maður sem var tekinn af lífi í misgripum við nafna sinn. Hann Valtýr á grænni treju.

Tekin var smá upphitun hjá kórnum fyrir tónleikana, en fyrst var innritun á hótél og farið í sönggallann. Formaður kórsins fyrirskipaði að engin mætti vera nakinn, í stuttbuxum, sundfatnaði eða með sólhatt. Við hlýddum þessu en sumir með semingi.

Í kirkjunni var tekið á móti okkur af kór staðarins og starfsmönnum kirkjunnar



Samkórinn syngur á ferðinni

með miklum hlýleika og notalegheitum. Kaffi og kruðurii. Það er afar góður hljómburður í þessari kirkju og virkilega gaman að syngja í henni.

Tónleikarnir tókust með ágætum en við sungum brot af þeim veraldlegu lögum sem við höfum æft undir ötulli stjórn Kela okkar, en hann verður alltaf Keli okkar hvert sem hann fer, eða hvað sem hann gerir. Og ég trúi ekki að Valtýr undir kirkjugólfinu hafi ekki klappað eftir þegar við sungum My Lord, What a morning. Tvö lög voru sungin sameiginlega með Egilsstaða kórnum og kórstjóra hans honum Sándor.

Eftir tónleika var farið á Hótel Valaskjálfr þar sem við gistum og borðaður kvöldverður. Það var enginn tími til að liggja lengi í fletinu morguninn eftir. Morgunverður sem var virkilega góður tekinn snemma og haldið upp í kirkju að taka rennsli sameiginlega með Egilsstaðakórnum og barnakór staðarins. Vorum ekki kunnug öllum sálum en engin miskunn var hjá Sándor kórstjóra og við komumst í gegnum þetta skammlaust. Þarna áttum við góða morgunstud. Kórstjórnarnir skiptust á að spila á orgel, píanó og gítar og þetta var fjörug og skemmtileg messa. Það átti svo sannarlega vel við að lagið sem Keli spilaði sem útspil var þessi fallegi dagur.

Eftir messu var haldið heim á leið og eftir stendur gleði, stolt og ánægja yfir þessari ferð. Við erum stolt af þessum

litla kór okkar. Við erum stolt að eiga aldurshöfðingja sem syngur eins og engill og að verða 89 ára í haust, og stolt að hafa dugmikinn drifandi og jákvæðan kórstjóra.

Að taka þátt í kórastarfi líkt og þessu hefur ekki bara jákvætt félagslegt gildi það hefur einnig áhrif á heilsuna bæði andlega og líkamlega. Hver kannast ekki við það sem hefur mætt á æfingu uppfullur af áhyggjum, kvíða og þreytu að finna fyrir slökun og andlegri vellíðan að henni lokinni.

Ég hef stundum hugsað að það að æfa í kór og taka þátt í tónleikum er líkt og vinna við hönnun eða ræktun. Þú leggur af stað með hugmynd og vinnur stanslaust að því að betrumbæta hana og læra meira, mistakast stundum og fyllast vonleysi en halda áfram. En lófaklappið og gleðin sem fylgir því að opinbera vinnuna á tónleikum er uppskeran. Ég held við getum öll tekið undir það að við vorum sátt við uppskeruna okkar á Gálgaási.

P.S. heyrst hefur að einn kórmeðlimurinn gat ekki slitið sig frá Austurlandinu og hann sneri við á hlaðinu heima hjá sér og fór aftur austur á Egilsstaði, hvort hann ætlaði að syngja meir í kirkjunni fylgir ekki sögunni en hann kíkta svo á Seyðisfjörð í leiðinni. Kom aftur heim kl. 3 um nóttina. Þetta segir okkur að söngur er bara vítamínsprauta.

f.h. samkórs Hornafjarðar
Guðrún Guðmundsdóttir

GEÐGOTT VERÐLAUNA-SAMFÉLAG ÁRIÐ 2030

Aðsend grein

Miðvikudaginn 8. apríl stóð velferðar-svið Hornafjarðar og aðstandenda-hópurinn Gott bakland fyrir viðburðinum Gott Geð. Á samkomunni voru erindi frá Elínu Vigdís Guðmundsdóttur formanni SÁTT, Nínu Eck leiðtoga jafningja á LSH, og Freymari Gauta Marinossyni stofnanda Trausts Kjarna. Öll lögðu þau áherslu á jafningjastuðning og mikilvægi þess að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum í geðheilbrigðismálum. Á milli erinda var tónlist frá Spaghattibandinu og Spíral. Tónlistin geðbætti góð erindi og viljum við þakka meðlimum þessara hljómsveita kærlega fyrir þeirra framlag. Sérstakar þakkir viljum við einnig færa þeim sem gáfu sér tíma fyrir uppbrotið. Viðburðurinn, sem var opinn öllum, tókst vel og var fjölmennur. Sérstök áhersla var á að ná til framlínufólks og ná samvinnu milli stofnana. Því teljum við nauðsynlegt að hamra járnið meðan það er heitt og byrja strax á áframhaldandi vinnu í geðheilbrigðismálum. Sveitarfélagið Hornafjörður þarf að treysta innviði og við þurfum að efla okkur sem samfélag. Markmiðið Góðs baklands er að við sem samfélag getum veitt



Nína Eck, Bessý, Freymar Gauti, Elín Vigdís og Eyjólfur

stuðning samhliða eða áður en þörf er á aðstoð fagmanna. Þann 20. apríl var fundur með forsvarsmönnum sveitarfélagsins og heilsugæslunnar þar sem ákveðið var að leggja áherslu á geðrækt á næstu árum. Verkefninu verður hrint af stað í haust. Þegar er ákveðið að Freymar og fleiri frá Traustum kjarna munu verða með viku námskeið um jafningjastuðning í desember á þessu ári sem verður nánar auglýst í haust. Við búum í samfélagi sem hefur allar forsendur til að skara framúr í geðrækt. Öll þurfum við að leggja inn fyrir vinnunni, líta inn á við og vinna markvisst að því að gera Sveitarfélag Hornafjarðar að framúrskarandi geð samfélagi. Gott bakland er hreyfiafl sem var stofnað haustið 2024.

Sigrún Bessý Guðmundsdóttir og Eyjólfur Guðmundsson

Gott bakland

Fundur í Miðgarði
Þriðjudaginn 12. maí
kl. 17:00

Fyrir aðstandendur
einstaklinga með
geðrænar áskoranir

Allir velkomnir



Spaghattíbandið og Spíral spiluðu fyrir gesti

URBAN SKETCHERS HÖFN

Aðsend grein

Urban Sketchers Höfn er nýr teiknihópur á Höfn fyrir fólk sem hefur áhuga á að teikna umhverfið sitt á staðnum, hvort sem það er inni, úti, í bænum eða úti í náttúrunni. Hugmyndin er einföld, að hittast, teikna það sem fyrir augu ber og deila stundinni með öðrum.

Hvað er USK? Á vefsíðu Urban Sketchers, urbansketchers.org, er hreyfingunni lýst sem alþjóðlegu samfélagi sem

styður og sameinar grasrótahreyfingu teiknara. Markmiðið er að efla listrænt, frásagnarlegt og fræðandi gildi teikninga sem gerðar eru á staðnum, hvetja til slíkrar iðkunar og tengja saman fólk um allan heim sem teiknar þar sem það býr eða ferðast. Það getur verið inni eða úti. Það sem skiptir máli er að fanga umhverfið eins og það birtist á þeirri stundu.

Alþjóðasamfélagið var stofnað af



Gabriel Campanario í Seattle eftir að hann setti á laggirnar netspjallsvettvang árið 2007 þar sem hann skrifaði:

„Fyrir alla teiknara sem elska að teikna borgirnar þar sem þeir búa í og heimsækja, út um gluggann heima hjá sér, á kaffihúsi, í garðinum, standandi á götuhorni, alltaf á staðnum, ekki eftir ljósmyndum eða úr minni.“

Ári síðar bauð hann hópi teiknara að deila teikningum sínum og frásögnum á bloggi. Eftir það jókst sýnileiki USK hreyfingarinnar og meðlimum fjölgaði um allan heim. Til að sameina hópana fylgja þeir sameiginlegri stefnuskrá:

1. Við teiknum á staðnum, inni eða úti, og festum það sem við sjáum með beinni athugun.
2. Teikningar okkar segja sögu umhverfisins, staðanna þar sem við búum og þeirra staða sem við heimsækjum.
3. Teikningar okkar eru heimild um tíma og stað.
4. Við erum trú því sem við sjáum.
5. Við notum hvaða miðil sem er og metum einstaklingsbundinn stíl hvers og eins.
6. Við styðjum hvert annað og teiknum saman.
7. Við deilum teikningum okkar á netinu.
8. Við sýnum heiminum, eina teikningu í einu.



Hópurinn sem hittist í Svavarssafni og teiknaði saman

Ég kynntist Urban Sketchers á helgarnámskeiði og vinnustofu í Málaga á Spáni, þar sem mismunandi teiknara sýndu teikningar sínar, skissubækur, efni og aðferðir. Síðan þá hef ég tekið þátt í samkomum Urban Sketchers Málaga. Í hópnum fann ég áhugavert og kraftmikið samfélag fólks sem deilir ástríðu minni fyrir teikningu og hefur gaman af því að skapa saman. Það hjálpaði mér að finna sjálfa mig í teikningunum, hætta að bera mig saman við aðra, því hver teikning er einstök, og vera óhrædd við að gera mistök.

Ég er mjög ánægð með að geta stofnað þennan hóp og kynnst nýju fólki sem deilir sömu ástríðu eða vill einfaldlega eiga góða stund við að teikna. Mér finnst líka mjög spennandi að Urban Sketchers Höfn verði fyrsti opinberi Urban Sketchers hópurinn á Íslandi og að við getum saman sýnt Höfn og nágrenni frá fjölbreyttum listrænum sjónarhornum.

Við hittumst venjulega tvisvar í mánuði, en það getur þó breyst eftir því hvað er að gerast í bænum hverju sinni. Tími og staðsetning verða auglýst á Facebook og Instagram einni til tveimur vikum fyrir hvern hitting.

Við erum alltaf opin fyrir nýjum stöðum til að teikna á. Ef þú ert með hugmyndir, hafðu samband á Facebook: Urban Sketchers Höfn, á Instagram: @uskhofn, eða sendu tölvupóst á uskhofn@gmail.com

Aida González Vicente

HUMARHÁTÍÐ 2026

Aðsend grein



Eruð þið ekki farin að hlakka til? Við í humarhátíðarnefndinni erum allavegana farin að hlakka mikið til Humarhátíðarinnar 2026 dagana 26.-28. júní! Humarhátíðarnefnd 2026 hefur tekið til starfa og er undirbúningurinn kominn á fullt. Við erum metnaðarfull nefnd og stefnum á glæsilega hátíð!

Hátíðin skipuleggur sig hins vegar ekki sjálf, það þarf samhent átak frá sjálfboðaliðum í hátíðarnefndinni, fyrirtækjum og íþróttadeildum sem og þátttöku almennings yfir sjálfa hátíðina.

Við erum byrjuð að senda út tölvupósta á fyrirtæki í von um styrki til þess að fjármagna hátíðina að fullu og vonumst við til þess að styrkbeiðnir falli í góðan jarðveg, án fjárstuðnings frá fyrirtækjum væri ekki hægt að gera hátíðina jafn glæsilega og raun ber vitni.

VIÐ VILJUM HEYRA FRÁ YKKUR KÆRU ÍBÚAR!

Ertu í hljómsveit eða upprennandi söngstjarna? Sendu okkur tölvupóst og við reynum að búa til pláss í dagskránni. Ertu með hugmynd að viðburði sem þú telur að eigi erindi á hátíðina? Sendu okkur tölvupóst, við gætum kannski aðstoðað þig við að fullvinna hugmyndina og fundið henni pláss í dagskránni! Viltu skipuleggja loppumarkað, pop-up leikvöll eða halda utan um götuskeytingarnar? Sendu okkur tölvupóst! Netfangið er: humarhatidarnefnd@gmail.com. Þú finnur okkur líka á facebook og Instagram.

Síðast en ekki síst þá vantar okkur fleiri hendur í humarhátíðarnefndina, margar hendur vinna létt verk! Endilega hafið samband. Það er í alvöru ótrúlega gaman að skipuleggja bæjarhátíð!

*Bestu kveðjur,
Humarhátíðarnefnd 2026*





14. maí Guðspjónusta á Skjólgarði
kl. 14:00 á degi aldraðra

24. maí Ferming í Hafnarkirkju
kl. 11:00

31. maí Göngumessa á Mýrum
kl. 10:15 Brunnhólskirkja - Einholt

1. júní Samverustund með eldri
kl. 13:00 borgurum í Hafnarkirkju

Verið velkomin.
Birt með fyrirvara um breytingar.
Sjá nánar á Facebook þegar nær dregur.



VORTÓNLEIKAR



28. MAÍ

HAFNARKIRKJA

KL. 20.00

AÐGANGSEYRIR: 3000 KR.



Hundavali

í Grunnskóla Hornafjarðar

Grunnskóli Hornafjarðar leitar að rólegum og góðum hundum til að taka þátt í skemmtilegu hundavali í Heppuskóla á fimmtudögum kl. 13:00.

Nemendur fara með þá í stuttar gönguferðir í góðu veðri.

Áttu hund sem gæti haft gaman af því að gleðja ungmenni?

Hafðu samband við Elsu, ritara Heppuskóla, í síma 470 8426 eða Laufeyju Sveinsdóttur í tölvupósti, laufeysv@hornafjordur.is, til að skrá hundinn og fá nánari upplýsingar.



Grunnskóli Hornafjarðar

AÐALFUNDUR

Þriðjudaginn 19. maí verður aðalfundur leikfélagsins haldinn á Heppu kl. 18:00

Leikfélagið býður gestum upp á léttar veitingar

Hlökkum til að sjá **PIG!**



LEIKFÉLAG HORNAFJARÐAR

19. MAÍ

KL. 18:00

Á HEPPU



Hirðingjarnir nytjamarkaður

Opið alla fimmtudaga

frá kl. 16:30 - 18:30

& fyrsta laugardag í hverjum mánuði

frá kl. 13:00 - 15:00

VIÐBURÐARDAGATAL

HVAÐ ER UM AÐ VERA?

Fimmtudagur 7. maí

- 11:00 Heitt á könnunni í Sjallanum til 13:00
- 16:30 Mótarið Glacier Journey og GHH á Silfurnesvelli
- 18:00 Öndun, hugarró og vellíðan með Gunnari Marteins í Gömlubúð
- 19:00 Stuðningsmannakvöld knattspyrnudeildar Sindra í Golfskálanum

Föstudagur 8. maí

- 11:00 Heitt á könnunni í Sjallanum til 13:00
- 19:15 Sindri-Breiðablik í úrslitakeppni 1. deildar körfu í Icelagoon höllinni.
- 21:30 Pub quiz með Önnu Birnu á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi
- 22:00 Kazoo & Kölski spilar á Hafinu western swing og hillbilly tónlist til kl. 23:30, frítt inn
- Tattoo pop up með Emi Dungal og GoodboyGunnar í Gömlubúð

Laugardagur 9. maí

- 10:00 Texasmót Góu á Silfurnesvelli
- 14:00 Sindri - KF á Jökulfellsvellinum
- 18:00 Karlakvöld Framsóknar og stuðningsmanna á kosningaskrifstofu, Vesturbraut 2
- Tattoo pop up með Emi Dungal og GoodboyGunnar í Gömlubúð

Sunnudagur 10. maí

- 12:00 Opnun göngutímabilsins. Upplifðu náttúruna í nágrenni Hafnar. Nánari upplýsingar á FB: Sea Lions Iceland
- 14:00 Fjölskyldudagur XD á miðsvæði
- 15:00 Heimkoma Ásgríms Halldórssonar SF 250 við Krosseyjarbryggju. Skipið til sýnis til kl. 18:00
- 15:00 Karl Skírnisson, sonur Margotar Gamm, segir frá sköpun og lífi Margotar og leiðir gesti um yfirlitssýningu á listhandverki hennar í Gömlubúð
- 17:00 Gleðigjafir með söngskemmtun í Hafnarkirkju kl. 17:00. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangseyrir 3000 kr.
- Tattoo pop up með Emi Dungal og GoodboyGunnar í Gömlubúð

Mánudagur 11. maí

- 12:00 Náttúruganga í nágrenni Hafnar. Nánari upplýsingar á FB: Sea Lions Iceland
- 15:00 Opið á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi til 18:00
- 15:00 Opið hús í Sjallanum til 18:00
- 16:00 Kosningaskrifstofa Framsóknar og stuðningsmanna opin til 18:00, Vesturbraut 2
- Tattoo pop up með Emi Dungal og GoodboyGunnar í Gömlubúð

Þriðjudagur 12. maí

- 15:00 Opið á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi til 18:00
- 15:00 Opið hús í Sjallanum til 18:00
- 16:00 Kosningaskrifstofa Framsóknar og stuðningsmanna opin til 18:00, Vesturbraut 2
- 17:00 Gott bakland fundur í Miðgarði. Fundur fyrir aðstandendur einstaklinga með geðrænar áskoranir
- 17:30 Vortónleikar nemenda Tónskólans í Sindrabæ Skuggakosningar, kjördagur í FAS

Miðvikudagur 13. maí

- 15:00 Opið á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi til 18:00
- 15:00 Opið hús í Sjallanum til 18:00
- 16:00 Kosningaskrifstofa Framsóknar og stuðningsmanna opin til 18:00, Vesturbraut 2
- 18:30 Ungmennaráð heldur viðburð í Sindrabæ sem tengist Skuggakosningunum. Öll velkomin. Einnig verður kjörklefi fyrir þau sem eiga eftir að kjósa. Opið til 22:00
- 20:00 Konukvöld Framsóknar og stuðningsmanna á kosningaskrifstofu, Vesturbraut 2
- 21:00 Kexað Karaoke á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi Skuggakosningar, kjördagur í Grunnskóla Hornafjarðar

Fimmtudagur 14. maí **Upptækingardagur**

- 10:00 Opið í Sundlaug Hafnar til 19:00
- 12:00 Pullupartí á kosningaskrifstofu Kex til 14:00
- 13:00 Opið hús á Brunnhóli í tilefni 40 ára afmælis ferðabjónustunnar, til 16:00
- 13:00 Golfmót knattspyrnudeildar Sindra á Silfurnesvelli
- 14:00 Guðsþjónusta á Skjólgarði á degi aldraðra
- 15:00 Opið hús í Sjallanum til 18:00
- 15:00 Sindramótið á Silfurnesvelli
- 16:00 Kosningaskrifstofa Framsóknar og stuðningsmanna opin til 18:00, Vesturbraut 2
- 17:00 Nýbúahittingur í Gömlubúð um þjónustu og mannlíf í sveitarfélaginu
- 20:00 Barsvar í umsjá Tómasar Ásgeirs á kosningaskrifstofu Framsóknar og stuðningsmanna, Vesturbraut 2

Föstudagur 15. maí

- 12:00 Opið á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi til 21:00
- 15:00 Opið hús í Sjallanum til 18:00
- 16:00 Kosningaskrifstofa Framsóknar og stuðningsmanna opin til 18:00, Vesturbraut 2

Laugardagur 16. maí

- Sveitarstjórnarkosningar 2026. Kosið verður í Heppuskóla á Höfn, Holti á Mýrum, Hofgarði í Óræfum og Hrollaugstöðum í Suðursveit. Nánari upplýsingar á vef Sveitarfélagsins.
- 13:00 Sameiginlegt kosningakaffi á kjördag á Hótel Skaftafelli til kl. 14:00
- 13:00 Kosningakaffi XD í Sjallanum til 17:00
- 14:00 Sindri og Víðir á Jökulfellsvellinum
- 14:00 Kosningakaffi Kex á kosningaskrifstofu á Hepputorgi til kl. 16:00
- 20:00 Kosningavaka XD í Sjallanum
- 21:00 Kosningavaka á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi
- 21:30 Kosningavaka Framsóknar og stuðningsmanna á Hafinu

Mánudagur 18. maí

- 12:00 Opnar geymslur í Álaleiru með byggðasafnsvörðum til kl. 14:00
- 16:30 Fab Lab námskeið. Lærðu að hanna, prenta og skera með VersaSTUDIO BN-20A
- 17:15 Leiðsögn um sýninguna „Út úr geymslunni“ í Gömlubúð Opnun sýningarinnar Óútgefin prófskrifteini: Aldrei útskrifuð, aðeins minnst í bókasafni. Nánar auglýst síðar.



Er viðburður framundan sem þú telur að eigi heima hér?

Hafðu samband eystrahorn@eystrahorn.is

Priðjudagur 19. maí

18:00 Aðalfundur Leikfélags Hornafjarðar á Heppu.

Miðvikudagur 20. maí

16:30 Mótaröð Glacier Journey og GHH á Silfurnesvelli
18:00 Söngtónleikar nemenda söngnámskeiða og einkatíma.
Lög eftir Magnús Eiríksson við undirleik kennarahljómsveitar

Föstudagur 22. maí

18:00 Loo Sim Ying, klassískur gítarleikari, heldur tónleika í Gömlubúð

Laugardagur 23. maí

16:00 Hjördís Skírnisdóttir, dóttir Margotar Gamm, segir frá sköpun og lífi Margotar og leiðir gesti um yfirlitssýningu á listhandverki hennar í Gömlubúð

Sunnudagur 24. maí Hvítasunnudagur

10:00 Opið í Sundlaug Hafnar til 19:00
11:00 Ferming í Hafnarkirkju
Holukeppni GHH hefst á Silfurnesvelli

Mánudagur 25. maí Annar í Hvítasunnu

10:00 Opið í Sundlaug Hafnar til 19:00

Priðjudagur 26. maí

16:30 Golf og glimmer, kvennamót á Silfurnesvelli
18:00 Sindri - Reynir Sandgerði á Jökulfellsvellinum í Gatorade bikarnum

Miðvikudagur 27. maí

15:00 Bókaklúbbur á bókasafninu. Sigurverkið eftir Arnald Indriðason
18:00 Ekrubandið spilar í Gömlubúð

Fimmtudagur 28. maí

20:00 Vortónleikar Kvinnakórs Hornafjarðar í Hafnarkirkju.
Aðgangseyrir 3000 kr.

Föstudagur 29. maí

23:59 Skiladagur fyrir efni og auglýsingar í Eystrahorn

Laugardagur 30. maí

11:00 Síðasta laugardagsopnun á bókasafninu áður en opnunartími breytist fyrir sumarið opið til 15:00
13:00 Lesum og fönndrum á bókasafninu
16:00 Sindri - KÁ á Jökulfellsvellinum

Sunnudagur 31. maí

10:00 Göngumessa í Einholti á Mýrum á vegum Ferðafélagsins.
Mæting kl. 10:00 á tjaldstæðinu eða kl. 10:15 við Brunnhólskirkju.

Mánudagur 1. júní

13:00 Samverustund með eldri borgurum í Hafnarkirkju

Miðvikudagur 3. júní

16:30 Mótaröð Glacier Journey og GHH á Silfurnesvelli

Fimmtudagur 4. júní

Fimmta tölublað Eystrahorns kemur út, efni og auglýsingar berist í sl. föstudaginn 29. maí

Föstudagur 5. júní

18:00 Minningarmót Gunnars Hersis Benediktssonar á Silfurnesvelli

FASTIR LIÐIR Í MAÍ

Mánudaga

10:00 Gönguhópur FeH fer frá Ekru

Priðjudaga

09:30 Boccia hjá Félagi eldri Hornfirðinga
10:30 Krílakaffi á bókasafninu
13:00 Míningolf FeH við Ekru
13:00 FeH spila í Ekru
15:00 Opið í Fab Lab til 19:00
16:30 Kvennagolf

Miðvikudaga

10:00 Gönguhópur FeH fer frá Ekru
13:00 Þrjónakaffi á bókasafninu
13:00 Þrjónahittingur og kaffi hjá FeH

Fimmtudaga

09:30 Boccia hjá Félagi eldri Hornfirðinga
13:00 FeH spila í Ekru
15:00 Opið í Fab Lab til 19:00
16:00 Opið í FLÓ fatamarkaði Rauða krossins, við Sæbraut 5, til 18:00
16:30 Opið í Hirðingjunum til 18:30

Föstudaga

09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia

Laugardaga

10:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn
13:00 Þrjónakaffi á Hótel Berjaya til 15:00

Fyrsti laugardagur í hverjum mánuði

14:00 Opið í FLÓ fatamarkaði Rauða krossins, við Sæbraut 5, til 16:00
13:00 Opið í Hirðingjunum til 15:00

Sunnudaga

11:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn
13:00 Samkoma í Hvítasunnukirkjunni á Höfn

EYSTRAHORN
STYRKARAEILD

Engin lágmarksupphæð



Skannaðu QR-kóðann eða
hringdu í síma 867-6604



FLÓ FATAMARKAÐUR OPNAÐUR

Aðsend grein: Stjórn Rauða kross deildar Hornafjarðar

Sumardagurinn fyrsti tók aldeilis vel á móti okkur þegar við mættum til að opna FLÓ fataverslunina okkar í húsnæði Rauða krossins austast í Björgunarmiðstöðinni að Sæbraut 5 á Höfn. Loksins erum við komin með fast húsnæði og rými fyrir sölu



Stefanía og Eyrún stóðu vaktina í FLÓ á sumardaginn fyrsta

á notuðum fatnaði, skóm og fleiru. Í rýminu okkar erum við líka með skrifstofu, barnahorn, sófaslökunarhorn, vinnuborð ásamt sameiginlegu rými með Frumherja eins og wc, kaffistofu og ræstikompú. Verslunin FLÓ verður opin á fimmtudögum kl 16-18 og fyrsta laugardag í hverjum mánuði kl 14-16. Í framtíðinni munum við svo skoða hvort verði meiri opnun. Fatamóttaka verður í Gárunni eins og verið hefur og fylgir opnunartíma hennar, þaðan koma fötin til okkar. Við biðjum ykkur að fara ekki með fatnað, textíl og skó í Hirðingjana. Í framtíðinni verðum við með opna tíma sem verða auglýstir síðar fyrir ýmsa starfsemi eins og námskeið, fundi, verkefni, hittinga o.fl. Þeir sem hafa áhuga á að gerast sjálfbóaliðar geta skráð sig á síðu Rauða krossins. Verkefnin sem



deildin okkar er með núna eru neyðarvarnir, sálrænn stuðningur, FLÓ fataverslun, Kvinnakraftur, íslensku þjálfun, skyndihjálp og þrjónað til góðs. Okkur vantar alltaf sjálfbóaliða og allir eru velkomnir til starfa með okkur. Við hlökkum til framtíðar með ykkur.

OPNUNARTÍMAR Á HÖFN 2026

MAÍ

11. - 13.

JÚNÍ

22. - 24.

JÚLÍ

13. - 15.

ÁGÚST

17. - 19.

SEPTEMBER

14. - 16.

OKTÓBER

12. - 14.

NÓVEMBER

16. - 18.

Tímabókanir á netinu og í síma 5709090
Erum á nýjum stað við Sæbraut 5



EYSTRAHORN STYRKTAÐILD

Engin lágmarksupphæð



1.500 kr.
á mánuði



2.500 kr.
á mánuði



3.500 kr.
á mánuði

Kíktu á eystrahorn.is og skráðu þig



SUNDLAUG HAFNAR OPIÐ Á FRÍDÖGUM Í MAÍ

Uppstigningardagur, 14. maí
Hvítasunnudagur, 24. maí
Annar í hvítasunnu, 25. maí
10:00 - 19:00

Njótið dagsins í sundi
Starfsfólk Sundlaugar Hafnar

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

GLEÐIGJAFAR MEÐ TÓNLEIKA

Tónlistin gerir menn glaða
og gefur á báðar hendur.
Tónlist í taktbundnum hraða
tindrar um ómælis lendur.
Tónlist á róandi rökin
á raunatímum að sefa.
Tónlist á næmustu tökin
á tregastundum að gefa.

Hj. Þ

Með þessum orðum ætlum við í Gleðigjöfum að halda söngskemmtun í Hafnarkirkju 10. maí n.k. klukkan 17:00 Efnisskráin er fjölbreytt og skemmtileg. Stjórnandi er Guðlaug Hestnes og meðleikarar eru Gunnar Ásgeirsson á píánó og Einar Sigjónsson á harmonikku.

Aðgangseyrir er 3000 krónur.
Verið velkomin









Gleðigjafar á tónleikum í Hafnarkirkju

FÉLAG ELÐRI HORNFIÐINGA KYNNIR

Ný stjórn FeH

Á aðalfundi félagsins var ný stjórn kjörin. Eirný B. Vals er formaður, stjórn skipti með sér verkum. Reynir Gunnarsson er gjaldkeri, Hulda L. Hauksdóttir ritari, Ari Jónsson og Guðbjartur Össurason meðstjórnendur, Sverrir Þórhallsson og Bjarney Pálína Benediktsdóttir eru varamenn í stjórn.

FASTIR LIÐIR

-  Míningolf verður í boði í sumar eins og fyrri sumar. Spilað verður á **þriðjudögum kl. 13**. Auðvitað er upplagt að æfa sveifluna sem oftast, bæði golf og stigagolf.
-  Gönguhópur fer frá Ekru **kl. 10:00 á mánudögum og miðvikudögum**. Þegar líður á sumarið eru stundum færri en fleiri sem ganga, en það er ekkert sem mælir á móti því að líta við og athuga hvort það sé ekki félagskapur við Ekru.
-  Spil, vissuð þið að **eftir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum** er spilað í félagsaðstöðu FeH í Ekru, gengið inn austan megin.
-  Það er auðvitað skammarlegt hve snóker hefur verið haldið lítið á lofti. Hann er hægt að spila **alla daga vikunnar**, fjölmönnum í snókerinn.
-  Boccia er spilað **kl. 09:30, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga**. Stundum líka á miðvikudögum. Það verður spilað eins lengi fram eftir vori og áhugi er á.
-  Prjónahittingur og kaffi er **eftir hádegi á miðvikudögum**, eins lengi og áhugi er á.

Línudans og hreyfing í vatni eru komin í sumarfrí.



GLEÐIGJAFAR kór eldri Hornfirðinga

Vortónleikar Gleðigjafanna
verða í Hafnarkirkju

**sunnudaginn 10. maí
klukkan 17:00**

Aðgangseyrir 3.000 krónur
Enginn posi á staðnum



Stjórn FeH 2026-2027

EINBREIÐAR BRÝR Í RÍKI VATNAJÖKULS

Aðsend grein

Um páska fyrir tíu árum fór höfundur í ferð til Hornafjarðar og það var kominn nýr markhópur á Hringveginum, erlendir ferðamenn sem ekki voru vanir einbreiðum brúm. Á bakleiðinni var stoppað við allar einbreiðar brýr 21 að tölu og tekin mynd og áhætta metin.



Fjárveitingin er ætluð til framkvæmda við nýja brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar.

Í kjölfarið var haft samband við hagsmunaaðila og þeim kynnt niðurstaðan. Allir tíu Alþingismenn fengu skýrslu og stóð Sigurður Ingi Jóhannsson sig vel, svaraði erindinu og ætlaði að aðstoða við að fjarlægja dauðagildrur úr umferðinni. Það kom á óvart að innfæddir sýndu lítinn áhuga en Kvennakórinn skar sig úr, tók sig til og söng við allar einbreiðar brýr og vakti athygli á málinu. Einnig voru erindi send á Vegagerðina og umsögn í Samgönguáætlun.



Árið eftir sáust framfarir, aðeins voru fjögur blikkljós við brýrnar en í febrúar 2017 blikkaði ljós við allar einbreiðu brýrnar.

Í ferð árið 2018 var einnig búið að koma skýrri aðvörun 500 metrum áður og hraði lækkaður við nokkrar brýr. Þá minnkaði áhættan og metið að engin dauðagildra væri við brýrnar.

Í vor verður nýr vegur tekinn í notkun yfir Hornafjarðarfliót og við það hverfa þrjár einbreiðar brýr. Taflan hér að neðan sýnir þróun síðustu tíu ára: brúm hefur fækkað jafnt og þétt og öryggi aukist. Sífellt fleiri falla nú í flokk öruggari lausna (grænu brýrnar).


SAMGÖNGUÁÆTLUN 2026-2040

Eins og taflan sýnir hefur einbreiðum brúm á Hringveginum fækkað á undanförunum árum og samkvæmt Samgönguáætlun 2026–2040 er stefnt að því að þær hverfi alveg. Enn eru þó 26 einbreiðar brýr eftir á Hringveginum og því mikilvægt að fylgja áætluninni eftir svo árangurinn sem taflan sýnir haldi áfram.

Brýrnar tvær sem eftir eru í Vestursýslunni hverfa þegar vegur verður færður. Einnig brýrnar fjórar sem eru eftir í Örafum. Búið er að tryggja fjármagn fyrir nýja brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi en ekkert er minnst á brúna yfir Kolgrímu. Brýrnar fimm í Lóni

Fjöldi einbreiðra brúa og þróun áhættu 2016–2026 (grænt = minni áhætta)

Brú	Byggingarár	Áhætta 2016	Áhætta 2026
Hoffellsá	2026	Red	Green
Hornafjarðarfliót	2026	Red	Green
Holtakill á Mýrum - Djúpa	2026	Red	Green
Kolgríma í Suðursveit	1977	Red	Red
Steinavötn	2021	Red	Red
Fellsá í Suðursveit	2021	Red	Red
Jökulsá á Breiðamerkursandi	1967	Red	Red
Kvíá í Örafum	2021	Red	Red
Hóla	2018	Red	Red
Stígs	2018	Red	Red
Kotá í Örafum	1965	Red	Red
Virkisá	1958	Red	Red
Svinafellsá	1965	Red	Red
Skaftafellsá	1964	Red	Red
Morsá (Skeiðará)	2017	Red	Red
Núpsvötn - Súla	2023	Red	Red
Brunná	2021	Red	Red
Hverfisfliót	2023	Red	Red
Fossálar - Dverávötn	1972	Red	Red
Breiðbalakvisi	1972	Red	Red
Jökulsá á Sólheimasandi	2022	Red	Red



munu hverfa með flutningi á nýjum vegi.

Undirritaður hvetur bæjarstjórn Hornafjarðar til að fylgjast vel með og þrýsta á stjórnvöld um að standa við áætlunina. Einbreiðar brýr eru enn svartblettur í umferðinni. Í grein í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar frá ágúst 2022 kemur fram að frá aldamótum hafi orðið um 400 slys á einbreiðum brúm, eða um 20 á ári að meðaltali, þar af 8 banaslys. Þróunin hefur þó verið jákvæð síðustu ár og slysum fækkað samhliða fækkun hættulegra einbreiðra brúa.

Ef allt gengur eftir gæti sá dagur runnið upp að hægt verði að aka um Ríki Vatnajökuls án þess að spyrja: „Hvor á að bakka?“

Sigurpáll Ingibergsson, áhugamaður um brýr



**HAPPY
HOUR**
FRÁ 18-20



**LJÚFFENGT
BARSNARL**

GIRNILEGAR GLEÐISTUNDIR Á BARNUM



Við bjóðum upp á léttu og ljúffenga rétti af snakkseðli, alla daga frá 18–22.

Barinn er opinn alla daga frá 16–23 og frá 18–20 eru drykkir á tilboðsverði.

Á Verbúðarbarnum er gott að slaka á og njóta útsýnis yfir sjóinn.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

 [verbudarbarinn](#)



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

895 2115
snorri@valholl.is

www.valholl.is
Síðumúli 27, 108 Reykjavík

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur um breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Skaftafell 3A, 3B og 3C í Örafum verður haldinn mánudaginn 11. maí 2026 kl. 12:00 í Freysnesi í Örafum.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsfulltrúi



Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur um deiliskipulagstillögu á jörðinni Birgi og breytingu á deiliskipulagi Moto-cross svæði verður haldinn föstudaginn 8. maí 2026 kl. 12:00 í fundarsal ráðhúss.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsfulltrúi



BRUNNHÓLL FAGNAR 40 ÁRUM

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Þann 14. maí 1986, fyrir hartnær 40 árum, gisti fyrsti gesturinn hjá þeim Sigurlaugu Gissurardóttur og Jóni Kristni Jónssyni á Brunnhóli. Það var japanskur ferðamaður á leið fótgangandi í kringum landið sem kom heim á hlað með bækling Ferðapjónustu bænda í hönd og óskaði eftir að fá að gista. Þrátt fyrir að gistingin væri komin í bæklinginn var ekkert tilbúið fyrir sumarið. Það hafði blásið að norðan og enn voru gluggarnir óþéttir og herbergin því full af sandi. Japanski ferðamaðurinn var þó himinlifandi að fá inni og lét sér nægja að gista í svefnpokanum sínum á gólfinu.



Sigurlaug og Jón Kristinn með Fláajökull í bakgrunni

Þau Sigurlaug og Jón koma bæði úr Vestur-Skaftafellssýslu, Sigurlaug frá Herjólfsstöðum í Álftaveri og Jón frá Ketilstöðum í Mýrdal. Þau fóru að búa árið 1975 á Dyrhólum í Mýrdal, en fundu sig ekki þar. Sigurlaug segir: „Ég tók aldrei heima þar þannig að hugurinn var alltaf að leita að einhverju öðru og svo kom þetta tækifæri“. Úr varð að þau keyptu jarðirnar Árbæ og Brunnhól árið 1980 ásamt frænda Sigurlaugar og fjölskyldu hans. Þau tóku þar við kúabúi af Rögnu Sigurðardóttur, ekkju Arnórs Sigurjónssonar, og dætrum hennar. Fyrst um sinn voru einungis kýr en fljótlega bættust við kindur, sem stóð þó aðeins stutt yfir. Eins og þau segja stundum sjálf: „Við skiptum kindum út fyrir ferðamenn“.

Nokkrum árum síðar keyptu Sigurlaug og Jón hlut frændans í jörðinni og sátu þá uppi með tómum íbúðarhúsi. Hjónin í Berunesi komu til þeirra að kaupa kálfa og talið barst tóma íbúðarhúsinu. Þau hvöttu Sigurlaugu til að hringja sem

fyrst í Ferðapjónustu bænda, þar sem bæklingurinn þeirra væri að koma út vikuna á eftir. Sigurlaug segir: „Ég gerði það og allt í góðu með það, en ég gleymdi að spyrja Jón hvort hann væri til í að fara í þetta með mér“. Hún bætir við hlæjandi:

”

„Já, stundum framkvæmi ég áður en ég hugsa, en maður kæmist annars ekkert áfram ef maður væri alltaf að hugsa og framkvæmdi ekki neitt“.

Aðeins átta að bjóða upp á vikuleigu á húsinu þetta sumarið, enda næg verkefni við bústörf og barnauppleði. En áður en þau vissu af voru þau farin að taka við yfirfalli af gistingu frá Edduhótelinu í Nesjum og bjóða upp á morgunverð

og síðar kvöldverð, sem þau ætluðu alls ekki að gera. Sigurlaug rifjar upp þegar hótelsstjórinn á Edduhótelinu náði loks í hana og sagði henni að ef hún ætlaði sér að reka gistingu, þá yrði hún í það minnsta að svara símanum. „Það var því kominn sími út í fjós til þess að gera snemma því þá voru engir gæmsar“ segir Sigurlaug.

Gestir komu á þessum tíma ýmist með bækling Ferðapjónustu bænda, sáu skilti við veginn eða var vísað áfram af öðrum aðilum. „Hér hefur ekki alltaf verið vandamálið að fá gesti, heldur að koma þeim fyrir“ segir hún og vísar til þess hvernig ferðapjónustuaðilar hringdu á milli staða til að finna gistingu fyrir fólk. Sigurlaug segir að samstarf ferðapjónustuaðila á svæðinu hafi verið sérstaklega gott og eftir því hafi verið tekið í öðrum landshlutum.

Til að byrja með voru þau með 80 fermetra einbýlishús með þremur herbergjum og smátt og smátt hefur reksturinn vaxið. Í dag eru þau komin með 33ja herbergja gistingu, veitingasal og ísframleiðslu.

UPPBYGGINGIN

Uppbyggingin á Brunnhóli gerðist þó ekki á einni nóttu. Frá því þau hófu rekstur hafa þau stækkað hann smátt og smátt, „það fylgdi bara eftirspurninni“ segir Sigurlaug.

Árið 1992 byggðu þau fimm ný herbergi og héldu þannig áfram að stækka reksturinn á fimm til tíu ára fresti. Stærsta breytingin var vafalaust þegar ný

veitingasalurinn var tekinn í notkun. Þau hófu byggingu hans árið 2008, en í kjölfar hrunsins var gert hlé og salurinn var að lokum tekinn í notkun árið 2011.

Salurinn er með frábæru útsýni, bæði til jökla og út að Almanaskarði. Sama hugsun fylgdi nýjustu herbergjunum, sem öll voru byggð þannig að þau snúa að jöklinum.

ÍSFRAMLEIÐSLA Í HEIMABYGGÐ

Árið 2007 kom upp sú hugmynd frá Anne, fyrrverandi tengdadóttur þeirra, að vinna ís úr umframmjólk frá kúabúinu, sem þá var rekið af syni þeirra. Á þeim tíma var lítið greitt fyrir umframmjólk og hugmyndin því meðal annars að nýta mjólkina betur heima á bæ.

Á þessum árum var ferðapjónustan jafnframt að mestu leyti bundin við sumarmánuðina og rætt var um hvernig mætti ýta undir ferðapjónustu allt árið um kring. Ein hugmyndin var að leggja áherslu á matvöru úr heimabyggð og fyrr en varði voru þau komin með ísborð í veitingasalinn.

Sigurlaug var þó ekki sannfærð um ágæti ísborðsins til að byrja með og taldi það hreinlega vera fyrir þeim, „en við tókum þátt í þessu með þeim“ segir hún. Hún segir jafnframt að það hafi ekki liðið mörg ár þar til hún skynjaði að Brunnhóll væri orðinn þekktari úti í heimi fyrir ísinn heldur en gistinguna. Þau náðu að skapa sérstöðu með ísnum.

„Það sem ég sé mestu verðmætin í þessu local dæmi er að þú býrð til einhverja upplifun, eitthvað sem gesturinn tengir við og segir frá, meira en bara herbergi á gistiheimili“ segir Sigurlaug.

Jón bætir við að fólk komi gjarnan til þeirra fyrst og fremst til að slappa af, fá sér ís og njóta útsýnisins. Sigurlaug segir



Íbúðarhúsið á jörðinni Brunnhól árið 1980

þau líta á ísinn sem hluta af afþreyingu í sýslunni, frekar en veitingasölu. Í dag er ísinn aðeins seldur á Brunnhóli og nú er það Líney, barnabarn þeirra, sem sér um framleiðsluna.

FJÖLSKYLDUFÓLK

Jón og Sigurlaug eiga fjóra syni og hóp af barnabörnum og barnabarnabörnum. Þegar þau eru spurð hvað þau séu stoltust af þegar þau líta til baka eru þau sammála um að það séu börnin og afkomendur þeirra, að hafa komið þeim til manns og finna fyrir tryggð þeirra við samfélagið hér.

Það hafi vissulega verið áskorun að tvínna saman fjölskyldulífi, búskap og gistingu. Sigurlaug segir þó mikil verðmæti felast í samspili búskapar og ferðapjónustu á jörðum. Fólk komi fyrir ísinn og vilji sjá kýrnar úti.

Strákarnir og tengdadæturnar hafa öll á einhverjum tímamarki komið að rekstrinum og nú eru barnabörnin líka farin að taka þátt. Sigurlaug segir að henni þyki vænt um að finna að þeim sé ekki sama um framhaldið. Þau séu farin að huga að því hvernig hægt verði að færa ábyrgðina smám saman yfir á næstu kynslóð og finna flöt á því hvernig fjölskyldan geti haldið áfram rekstrinum.

Það sem hún segist óttast er að

gisting í sveitinni fari smátt og smátt í eigu stórra hótélkeðja. Hún bendir á að ferðamennirnir vilji gjarnan hitta fólk sem þekkir staðinn og geti svarað spurningum eins og: „Hvar fara börnin í skóla, hvað með háskóla og hvar er heilsugæslan?“ Jón bætir við að þau spyrji líka: „Hvað gerir þið svo eiginlega yfir veturinn?“

Samfélagið og næstu skref

Sigurlaug segir að þau hafi frá upphafi fundið að vel væri tekið á móti þeim á svæðinu. Þau komu ókunnug inn í samfélagið en tóku jafnframt meðvitaða ákvörðun um að hér ættu þau heima. Hún segir að sér hafi aldrei verið sama um samfélagið sitt og hafi gaman af því að vera í kringum fólk, því hafi hún tekið virkan þátt, meðal annars í sveitarstjórn og kvenfélagsmálum.

Sú hugsun birtist líka í næstu verkefnum þeirra. Í Kyljuholti hafa þau byggt sex litlar íbúðir, um 50 fermetra hverja, sem hugsaðar eru til langtímaleigu eða sölu.

Hugmyndin kviknaði þegar þau áttu afgangseiningar úr annarri framkvæmd og ákváðu að nýta efniviðinn. Íbúðirnar verða hluti af kjarna í kringum félagsheimilið og geta nýst fólki sem vill búa eða starfa í sveitinni.

Þau eru því enn að horfa fram á veginn, þó nú sé líka tilefni til að staldra við og líta yfir farinn veg. Tímamótunum verður fagnað á uppstigningardag, þann 14. maí, nákvæmlega 40 árum eftir að fyrsti gesturinn kom heim á hlað. Af því tilefni bjóða Sigurlaug og Jón íbúum og gestum í opið hús á Brunnhóli, frá klukkan 13-16, þar sem boðið verður upp á kaffi, ís og spjall um ferðapjónustuna, bústörfin og lífið í sveitinni.



Ísinn nýtur vinsælda hjá ferðamönnum

NÝBREYTNÍ Í BARNASTARFI SUMARSINS

Aðsend grein: Ágústa Margrét Arnardóttir

Eins og flestir vita þá verða hin hefðbundnu „leikjanámskeið“ Sindra ekki í boði í sumar. Í staðinn hefur sveitarfélagið leitað eftir samstarfi við ýmsa aðila varðandi allskonar námskeið og fjölbreyttar frístundir fyrir börn. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi starf með ólíkum aðilum og leyfa sem flestum að njóta sín, börnum og fullorðnum. Endanlega niðurröðun námskeiða og fyrirkomulags verður ekki ljóst fyrr en líður á maímánuð. Þá verður dagskráin auglýst á www.hornafjordur.is og mun öll skráning fara fram í gegnum Abler.



Námskeiðin fyrir 1.-4. bekk verða klukkan 9:00-12:00 á morgnana. Boðið verður upp á „gæslu“ eða frístund í Kátakoti milli kl. 8:00-9:00 á morgnana og aftur kl. 13:00-16:00. Áhersla verður á frjálsan leik og góðan félagsskap í og við Kátakot. Boðið verður upp á fylgd með börnum frá gæslu á námskeiðssvæði á morgnana og á íþróttæfingar eftir hádegi.

Sumarstarfið í Þrykkjunni fyrir 5.-7. bekk milli kl. 10:00-15:00 verður með gjörbreyttu sniði og færast starfsemin að mestu út á svæði aftan við Krónubúðina. Starfið mun byggja á sjálfbærni og sjálfstæðum leik en boðið verður upp á skólagarða, kofabyggð,



hjólbraut, sandhauga og ýmislegt fleira. Þetta starf verður einnig auglýst nánar síðar.

Vinnuskólinn verður svo að sjálfsögðu á sínum stað.

Eins og þið sjáið er ýmislegt spennandi í farvatninu og áfram verður tekið við öllum góðum hugmyndum. Saman stuðlum við að fjölbreyttu og uppbyggilegu sumarstarfi.

Frekari upplýsingar gefur Ágústa Margrét Arnardóttir agustam@hornafjordur.is sem leysir Emil Morávek af næstu mánuði sem verkefnastjóri á fræðslu- og frístundasviði.

(foreldrar ath!)
Muna í sumar:
8. júní-3. júlí
og 4.-21. ágúst

09:00-12:00
Ymisskonar
námskeið fyrir
1.-4. bekk
Auglýst betur
síðar

Skráning verður
á Sportabler

08:00-09:00
Gæsla fyrir
1.-4. bekk
í Kátakoti

10:00-15:00
kofabyggð
skólagarðar
hjólbraut
5.-7. bekk

13:00-16:00
Gæsla fyrir
1.-4. bekk
í Kátakoti

19:30-22:00
Mán. mið. og fös.
Opíð hús í Þrykkju
8.-10. bekkur

Nánar á
www.hornafjordur.is

SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR
...og ýmis félög

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Vinnuskólinn 2026

Í vinnuskólanum er lögð áhersla á að nemendur öðlist góða reynslu og fræðist um vinnumarkaðinn.

Vinnuskólinn er ætlaður ungu fólki fæddu 2010 – 2013. Boðið er upp á vinnu fyrir 2010 – 2012 árgangana frá kl. 9:00-12:00 og eða kl. 13:00-16:00, en 2013 árganginn frá kl. 9:00-12:00.

Einnig geta ungmenni á aldrinum 16-18 ára sótt um vinnu hjá sveitarfélaginu í sumar í tengslum við vinnuskólann eða sumarfrístund.

Vinnuskólinn stendur í u.þ.b. 8 vikur. Hefst 8. júní og lýkur 31. júlí.

Til að sækja um vinnu er best að fara inn á íbúagátt, fara inn á umsóknir og sækja um vinnu undir vinnuskólinn. Mikilvægt er að skrá allar upplýsingar.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á agustam@hornafjordur.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn ungmennis, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer, tölvupóstfang, bankaupplýsingar barns og hvenær viðkomandi vill byrja að vinna (tímabil) og og hvaða vinnutíma er óskað eftir.

Við hvetjum alla sem hafa aldur og áhuga að sækja um í vinnuskólanum.

Umsóknarfrestur er til 1. júní n.k.

Allar frekari upplýsingum gefur Ágústa Margrét Arnardóttir í síma 470-8028 eða á tölvupóstfangið agustam@hornafjordur.is

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

ÞAÐ LÆRA BÖRNIN SEM FYRIR ÞEIM ER HAFT

Aðsend grein

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eykst sífellt umræða um málefni sveitarfélagsins, framboðin og frambjóðendur. En umræðan á sér ekki aðeins stað meðal fullorðinna. Börn og unglingar hlusta, fylgjast með og móta sér skoðun. Þau taka eftir því hvernig við tölum um fólk sem er okkur ósammála og hvernig við bregðumst við þegar skoðanir annarra skarast við okkar eigin.

Í litlu samfélagi getur þetta verið sérstaklega flókið. Hér eru frambjóðendur ekki bara nöfn á lista heldur fólk sem börnin okkar þekkja, nágrennar, ættingjar, foreldrar vina eða samstarfsfólk foreldra þeirra. Þess vegna þurfum við að vera meðvituð um að öll umræða getur snert einstaklinga sem eru hluti af daglegu lífi barnanna okkar. Börn læra ekki bara af því sem þau heyra, líka af því sem þau sjá og upplifa. Þau fylgjast með samskiptum okkar, hvernig við tökumst á við ágreining og hvort við sýnum öðrum virðingu.



vanlíðan. Gott er að útskýra fyrir börnum að fólk hafi mismunandi skoðanir um hvernig best sé að gera hlutina og því rökræðum við málefnið sem skipta máli og kjósum síðan þá sem við treystum til að stjórna. Mikilvægast er að börn upplifi að það sé hægt að vera ósammála en á sama tíma sýnum við hvort öðru virðingu.

Með unglungum er hægt að fara dýpra í samtalið. Þau eru farin að velja fyrir sér hugtökum eins og réttlæti, eigin gildum, gildum samfélagsins, framtíðinni og mynda sér skoðanir. Mikilvægt er að ræða við þau af einlægni en forðast að predika okkar upplifun og skilning á hlutunum. Gagnlegt getur verið að spyrja: Hvað finnst þér skipta máli í samfélaginu? Hvernig finnst þér umræðan vera? Hvað er best fyrir heildina? Hvenær er gagnrýni málefnaleg og hvenær verður hún ósanngjörn eða meiðandi? Með opnu samtali hjálpum við ungu fólk að móta sér sínar eigin skoðanir og heilbrigða sýn á samfélagið.

Það er mikilvægt að kenna börnum og ungmönnum að allir eigi rétt á sinni skoðun, svo lengi sem hún gengur ekki á mannréttindi annarra. Umburðarlyndi fyrir skoðunum þýðir ekki að við eigum að samþykkja fordóma, niðurlægingu eða tal sem dregur úr mannlegri reisn fólks. Það má vera til staðar ágreiningur um leiðir og

lausnir, en þegar orðræða beinist að því að gera lítið úr fólk eða draga úr réttindum þess, þá þurfum við að vera skýr um að þar liggja mörkin.

Þegar kemur að samskiptum er enginn fullkominn. Ef við föllum í þá gryfju að tala með hætti sem við erum ekki stolt af, þá er mikilvægt að geta séð að sér. Það er ekki veikleikamerki heldur styrkleiki. Börn læra ekki aðeins af því þegar við gerum eða breytum rétt, heldur líka þegar við viðurkennum mistök, biðjumst afsökunar og veljum betri leið.

Í aðdraganda kosninga felst því ekki aðeins tækifæri til að velja gott fólk til starfa fyrir samfélagið, heldur líka að vera fyrirmynd barnanna okkar með því að eiga í uppbyggilegum samskiptum, sýna í verki að það að bera virðingu fyrir öðrum sé styrkleiki og að hægt sé að standa með sínum skoðunum án þess að gera lítið úr öðrum. Börn sem alast upp við opnar og virðingarríkar umræður eru líklegri til að þróa með sér samkennd, félagslega hæfni og virðingu fyrir fjölbreytileikanum. Er það ekki kosningamál sem við getum öll sameinast um?

Skúli Ingibergur Þórarinsson
Fjölskyldufræðingur

”

Yngri börn skynja fyrst og fremst raddblæ, tilfinningar og hvernig fólk kemur fram hvert við annað. Þau skilja ekki alltaf eðli umræðunnar, en finna vel hvort talað er af virðingu eða óvirðingu. Gæta þarf að því að setja börn ekki í þá stöðu að þau upplifi að þau þurfi að vera með eða á móti einhverjum.

Fyrir barn getur neikvætt tal um frambjóðanda verið neikvætt tal um manneskju sem það þekkir og þannig valdið barninu óþægindum, kvíða eða

MIÐFLOKKURINN Á HORNAFIRÐI

Aðsend grein



Við í Miðflokknum á Hornafirði erum nýtt framboð sem vill láta gott af sér leiða. Við leggjum mikið upp úr því að vinna fyrir fólkið okkar og sveitarfélagið í heild.

FASTEIGNAGJÖLD

Af nógu er að taka þegar kemur að því sem við viljum betrumbæta eða innleiða í okkar fallega samfélag. Eitt af okkar helstu málum er að lækka álögur í íbúa.

Á síðasta kjörtímabili hækkuðu gjöld á íbúa umfram öll velsæmismörk, til að gera gott samfélag enn betra verða álögur á íbúa að vera í takt við raunveruleikann.

Sem dæmi má nefna fasteigna- og veitugjöld. Það er okkar fyrsta mál á stefnuskrá að lækka þau gjöld í það minnsta um 20%. Þessi gjöld hafa hækkað undanfarin ár og víðast hvar er mikil óánægja með þau. Við teljum þessa 20% lækkun vera mjög raunhæfa. En 20% eru aðeins 1.5% af tekjum sveitarfélagsins á ári og því nokkuð ljóst að íbúana munar meira um þessa lækkun en sveitarfélagið. Í mörgum tilfellum eru þessi gjöld há prósentu af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum einstaklings.

LEIKSKÓLAGJÖLD

Aðrar álögur á íbúa eru leikskólagjöld. En eitt af okkar markmiðum á kjörtímabilinu er að létta til með barnafjölskyldum. Því er næsta mál á okkar stefnuskrá að bjóða upp á frían mat í leikskólum sveitarfélagsins og í kjölfarið endurskoða gjaldskrá fyrir leikskólana. Líkt og með lækkun fasteignagjalda þá er þetta fjarri því að vera náðarhögg fyrir sveitarfélagið.

SORPMÁL

Þriðja málið á stefnuskrá okkar er mál sem snertir alla. Það hefur verið talsvert hitamál um nokkurt skeið en það er einnig tengt álögum. Það eru hin margumtöluðu sorpmál, mál sem hafa valdið mikilli óánægju meðal íbúa undanfarin ár og ekki síst eftir afnám klippikortsins sem lengi var við lýði við nokkuð almenna sátt.

Núverandi fyrirkomulag fer fram á vigtun á sorpi án þess að fullnægjandi vigt sé staðsett á endurvinnslustöðinni. Kostnaður á sorpförgun er mjög íþyngjandi, þetta hefur valdið því að sorpbrennsla hefur aukist í sveitarfélaginu, sorp er losað á óviðurkenndum stöðum og jafnvel úti í náttúrunni þar sem það á alls ekki heima. Með því að taka aftur upp klippikortið brúum við bilið þar til betri, hagstæðari og varanleg lausn hefur verið fundin á þessum málum.



SAMTALIÐ HELDUR ÁFRAM

Hér var rétt stiklað á stóru yfir okkar auðveldustu mál, kosningaskrifstofan okkar mun brátt opnuð og verð ég þar með reglulega viðveru fram að kosningum. Ég hvet menn til að kíkja á mig og fleiri flokksmenn í kaffi, þar verða mál sveitarfélagsins rædd á mannamáli.

Opnunartíminn verður auglýstur innan skamms.

Stefnuskrána í heild sinni má svo finna á www.xmhornafjordur.is

Reynir Ásgeirsson skrifar fyrir hönd Miðflokksins á Hornafirði

BEST AÐ ELDAST Í HORNAFIRÐI

Aðsend grein

Þegar Kex framboð bauð fram í fyrsta sinn voru málefni eldri borgara ekki sá málaflokkur sem lögð var mest áhersla á. Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar og á þessum fjórum árum hefur áhersla okkar á málaflokkinn aukist mikið.

Mikið hefur áunnist á kjörtímabilinu og því er ekki síst að þakka góðu og öflugum samtali, bæði við öldungaráð og Félag eldri Hornfirðinga.

Á kjörtímabilinu endurnýjaði sveitarfélagið samning við Félag eldri Hornfirðinga um rekstur félagsstarfs fyrir eldri borgara. Á sama tíma höfum við aukið fjármagn til starfseminnar og unnið að metnaðarfullri framtíðarsýn fyrir málaflokkinn. Einnig var lagt í mikla vinnu í hönnun vegna endurbóta á jarðhæð í Ekru. Nú standa yfir framkvæmdir á fyrsta áfanga í þeim endurbótum. Við ætlum að halda áfram með þær endurbætur og erum að vinna að því að greina framtíðar uppbyggingu við Ekru.

Á undanförunum kjörtímabilum hafa tækifæri glatast til uppbyggingar í kringum Ekru, Skjólgarð og HSU. Skortur hefur verið á heildarsýn og stefnu í málaflokknum og ekki nægilega mikið tekið tillit til þess að um er að ræða einn mest ört vaxandi aldurshóp á landsvísu. Hópur með fjölbreyttar þjónustubarfir sem mikilvægt er að mæta, hvort sem það er af hálfu ríkisins eða sveitarfélagsins.

Það er því mikilvægt að vanda vel til verka og gæta að því að hægt verði að byggja upp íbúðir og úrræði fyrir aldraða annað hvort við eða í kringum Ekru. Við eigum að stefna að því að byggja upp öflugan velferðarkjarna í Ekru þar sem aldraðir geta komist í húsnaði við hæfi og haft aðgengi að þjónustu sem stuðlar að því að það geti búið sem lengst heima. Hér þarf að huga jafnt að almennum eignaríbúðum, leiguíbúðum, öryggis- og jafnvel þjónustuíbúðum. Mikilvægt er að félagsstarf Félags eldri Hornfirðinga og dagþjónustan þróist í takt við aukna eftirspurn, þannig að unnt sé að bjóða upp á öfluga félagslega þjónustu og

heimahjúkrun innan velferðarkjarnans.

Á næsta kjörtímabili ætlar Kex að:

- Hefja undirbúning varðandi framtíðaruppbyggingu við Ekru.
- Halda áfram með fyrirhugaðar endurbætur á félagsaðstöðu í Ekru.
- Styðja og efla heilsueflingu eldri borgara í þéttbýli og dreifbýli.
- Fara í þarfagreiningu á sérhæfðum búsetuúrræðum fyrir aldraða, t.d. öryggis- og/eða þjónustuíbúðir.

Kex býður sig fram til að halda málefnum aldraðra á lofti og gera Sveitarfélagið Hornafjörð besta sveitarfélagið til að eldast í.



Setjum X við K 16. mai

Eyrún Fríða Árnadóttir



HORFT FRAM VEGINN

Aðsend grein

Við búum í öflugu og góðu samfélagi sem hefur margt fram að færa. Til að tryggja áframhaldandi vöxt og lífsgæði þurfum við hins vegar að vera samkeppnishæf til framtíðar. Það krefst þess að við vinnum markvisst að uppbyggingu grunninnviða sem styðja við daglegt líf íbúa og aðdráttarafi svæðisins.

Við viljum horfa til 10 ára og mynda breiða sátt með öðrum framboðum um þá áætlun. Eftirfarandi er innlegg okkar í þá umræðu en umfjöllun ekki tæmandi í stuttri grein sem þessari.

VERUM STÓRHUGA EN SKYNSÖM

Á Höfn eru forgangsverkefni skýr. Fyrst þarf að taka afstöðu til framtíðar íþróttahúss, þar sem gögn benda til þess að hagkvæmast sé að byggja við núverandi hús. Við viljum ekki gefa afslátt á kröfum sem slíkt hús þarf að uppfylla en gögn benda til að sambyggt íþróttahús spari verulegar fjárhæðir í uppbyggingu og rekstri. Þannig getur núverandi hús nýst fyrir fimleika og í öðrum fullbúnum og viðurkenndum sal geta aðrar íþróttagreinar verið stundaðar.

HORFUM TIL FRAMTÍÐAR

Það þarf að setja uppbyggingu íþróttavallar með gervigrasi og lýsingu í forgang samhliða nýju íþróttahúsi. Einnig er mikilvægt að ráðast í byggingu millibyggingar milli sundlaugar og íþróttahúss til að skapa heildstæða íþrótt- og skólamiðstöð. Þá er búið að hanna nýja líkamsræktaraðstöðu við sundlaugina og fátt því til fyrirstöðu að hægt sé að hefja framkvæmdir við hana án mikils viðbótar undirbúnings eða fyrirvara.

Í samhengi íþróttar og lýðheilsu er mikilvægt að gangstéttir, göngustígar og opin svæði verði góð og aðgengileg til að fólk komist um gangandi og hjólandi án erfiðleika.

HLÚUM AÐ DREIFBÝLINU

Í Örafum hefur íbúum fjölgað og ljóst er að þörf er á bættri aðstöðu til íþróttar og tómsunda fyrir alla aldurshópa. Slík uppbygging er mikilvæg til að efla samfélagið þar sem fólk hefur ekki greiðan aðgang að þjónustu utan heimabyggðar.

SKÓLARNIR ÞURFA FJÁRMAGN

Skólahúsnæði er einn af hornsteinum samfélagsins. Brýnast er nú að endurbæta aðstöðu fyrir lengda viðveru, endurbyggja skólalóð við Hafnarskóla og bæta mataraðstöðu nemenda. Til lengri tíma litið stefnum við að því að sameina grunnskólann í eitt húsnæði, sem mun styrkja skólastarf og bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks.

LIFANDI SAMFÉLAG

Viðhald og endurbætur á félagsheimilum í dreifbýli eru nauðsynlegar til að styðja við fjölbreytt starf í samfélögunum í dreifbýli sveitarfélagsins. Mikligarður hefur lengi verið til umræðu og með nýju miðbæjarskipulagi við höfnina skapast tækifæri til uppbyggingar þar sem hluti hússins verður varðveittur og nýttur fyrir menningar- og listastarfsemi.

Með skýrri sameiginlegri sýn, ábyrgri forystu og raunhæfum aðgerðum getum við knúið fram þær framfarir sem samfélagið kallar eftir. Verkefni eru fjölmörg, en með festu í forgangsroðun og vilja til að framkvæma munum við skila árangri fyrir íbúa.



Björgvin Óskar Sigurjónsson, 3. sæti Framsóknar og stuðningsmanna



ÁRANGUR ÁFRAM FYRIR HEIMILIN

Aðsend grein



Sveitarfélagið Hornafjörður er einstakt að mörgu leyti. Hér höfum við fallega náttúru, jöklar, fjöll og vötn umvefja okkur og gefa óútskýrðan kraft. Kraft sem maður áttar sig ekki á fyrr en hann vantar. Það eru ákveðin lífsgæði fólgin í því að búa á slíkum stað og þá eru ótalin þau gæði sem fylgja því að búa í vel reknu sveitarfélagi, þar sem börn geta fengið leikskólaláss við 12 mánaða aldur, atvinnulíf blómstrar og uppbygging á sér stað svo eitthvað sé nefnt.

Fasteignamarkaðurinn hefur mikil áhrif á íbúa svæðisins. Lóðir þurfa að vera til taks og eðlileg hreyfing á markaði er mikilvæg. Fasteignamat á að endurspeglar virði eigna þó svo að það sé raunin að verðlagsþróun fasteigna hafi áhrif á eignir nágrennana. Þetta mat er síðan grunnurinn að því hvernig stór hluti gjalda leggst á heimilin, fasteignagjöld skiptast niður í fasteignaskatt, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald en þau eru öll ákveðin hluti fasteignamats nema sorpgjaldið.

STÖÐVUM SJÁLFVIRKAR HÆKKANIR FASTEIGNASKATTSINS

Tvisvar á þessu kjörtímabili hefur fasteignaskattsprósentan verið lækkuð en vegna herra fasteignamats hefur lækkunin ekki skilað sér sem skyldi til íbúa. Í janúar

mældist verðbólga 4,4% en fasteignamat íbúðarhúsnæðis á svæðinu hækkaði um 10,2%. Við sjáum að ef ekki er gripið til aðgerða er hækkandi fasteignamat fljótt að éta upp boðaðar lækkunir.

Til að stemma stigum við þessu og skapa fyrirsjáanleika í rekstri heimilana ætlum við að koma í veg fyrir að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði hækki umfram verðlag á kjörtímabilinu. Við lækkum álagningarhlutfall skattsins þegar fasteignamat hækkar, þannig verða skilyrði fyrir stöðugleika og hækkun fasteignamats færast ekki af fullum þunga inn í heimilisbókhaldið.

FRÁVEITUGJÖLD TIL FRAMTÍÐAR

Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta, í B hluta eru reknar tengdar einingar svo sem vatns- og fráveita. Undanfarið hefur verið fjárfest mikið í fráveitukerfinu og því hafa gjöldin verið há miðað við nágrennasveitarfélög. Þau hafa samt ekki dugað fyrir framkvæmdunum og hefur A hlutinn staðið straum af þessari uppbyggingu, skulda Hornafjarðarveitur honum nú um 300 milljónir vegna þessa.

Endurskoðendur sveitarfélagsins hafa lagt áherslu á að greiða þessa skuld til baka þannig að verðmæti A hluta verði skilað. Á sama tíma er ákall um lækkun fráveitugjalda en það er ekki nóg að



hægja á endurgreiðslum. Með ábyrgri greiðsluáætlun til 20 ára hyggjumst við tryggja verðmæti Aðalsjóðs samhliða lækkun fráveitugjalda úr 0,34% niður í 0,26%. Létta álögum á íbúa nú og húsnæðiseigendur framtíðarinnar taki eðlilegan þátt í fjárfestingunni.

ÁRANGUR ÁFRAM - FYRIR HEIMILIN

Við höfum fjárfest mikið í innviðum á núverandi kjörtímabili, staða fráveitukerfisins er til fyrirmyndar miðað við mörg önnur sveitarfélög. Leiruhverfið er fullnýtt og undirvinna fyrir nýtt íbúasvæði er þegar hafin. Hornafjörður er eftirsóknarverður staður til að búa á og þannig viljum við hafa það. Með auknum fyrirsjáanleika og lægri álögum á íbúa ætlum við að gera gott samfélag enn betra.

Ásta Steinunn Eiríksdóttir
3. sæti XÐ Hornafirði

ÁRANGUR ÁFRAM FYRIR YKKUR!



Aðsend grein

Ágæti kjósandi,

Við frambjóðendur XD í Sveitarfélaginu Hornafirði leggjum fram skýra sýn um áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins. Við byggjum á ábyrgð, traustri fjármálastjórn og metnaði fyrir samfélagið okkar. Við mótun stefnunnar áttum við víðtækt samtal við íbúa um allt sveitarfélagið og þökkum þeim sem lögðu sitt af mörkum fyrir mikilvægt framlag í þeirri vinnu.

Við höfum á kjörtímabilinu unnið markvisst að því að efla þjónustu, styrkja innviði og bæta rekstrarumhverfi – með góðum árangri. Rekstur sveitarfélagsins er mjög traustur, þjónusta hefur verið bætt og ráðist hefur verið í fjölbreytt verkefni á sviði skóla-, velferðar-, skipulags-, íþróttar-

og atvinnumála.

Við höfum þannig lagt traustan grunn að áframhaldandi uppbyggingu um allt sveitarfélagið. Við vitum þó að verkefni framundan eru stór. Vöxtur og þróun samfélagsins krefst skýrrar stefnu, góðrar samvinnu og skynsamlegra ákvarðana sem byggja á hagsmunum íbúa til lengri tíma.

Viðbjóðum okkur framtil áframhaldandi þjónustu við samfélagið með áherslu á ábyrgð, festu og vönduð vinnubrögð. Við hvetjum þig til að kynna þér áherslur okkar í stefnuskránni og taka upplýsta ákvörðun



í sveitarstjórnarkosningunum.

Við þökkum traustið á liðnum árum og óskum eftir þínum stuðningi til að halda áfram að byggja upp enn sterkara samfélag í Sveitarfélaginu Hornafirði – til framtíðar fyrir okkur öll.

Frambjóðendur XD í Hornafirði
X við D 16. maí

FJÁRFESTING Í FJÖLSKYLDUM ÞAR SEM ÞAÐ TELUR MEST

Aðsend grein

Á síðustu misserum hefur ákallið verið skýrt, fólk vill lægri álögur og meiri stuðning í daglegu lífi. Í því skatta- og vaxtaumhverfi sem við lifum er þetta eðlileg krafa. Kostnaður við að ala upp börn hefur hækkað og fyrir margar fjölskyldur er orðið verulega þungt að standa undir frístundum, skólamáltíðum og öllu sem fylgir uppveksti barna í nútímasamfélagi.

Við eigum ekki að sætta okkur við að foreldrar þurfi að velja á milli þess að halda heimilisbókhaldinu í jafnvægi eða leyfa börnum sínum að æfa íþróttir og taka þátt í félagsstarfi. Það er raunveruleikinn hjá öf mörgum, við þurfum að grípa inn í þetta.

Sem sveitarfélag höfum við þetta verkfæri í höndunum. Við getum tekið ákvarðanir sem hafa bein áhrif á veskið hjá íbúum. Það ætlum við að gera. Það er auðvelt að tala um lægri álögur í



aðdraganda kosninga. Erfiðara er að setja fram skýrar aðgerðir sem raunverulega létta undir með fólki og standa við þær.

Við ætlum að fella niður fæðisgjöld í leikskólum og frístund og taka upp nýtt þrepaskipt systkinaafsláttarkerfi. Þannig fá fjölskyldur með fleiri börn raunverulegan stuðning sem munar um. Við ætlum einnig að tvöfalda frístundastyrkinn upp í 140 þúsund krónur og rýmka nýtingu hans, meðal annars upp í mótsgjöld. Það þýðir einfaldlega að fleiri börn geta tekið þátt óháð efnahag foreldra. Jafnframt tryggjum við stuðning við yngstu börnin með 30 þúsund króna styrk fyrir 5 ára og yngri. Við höldum áfram að byggja upp öflugt skóla- og frístundastarf í öllu sveitarfélaginu, í nánú samstarfi við íþróttafélög og aðra sem standa að starfi fyrir börn og ungmenni.

En sterkt samfélag byggir á fleiri stoðum. Við viljum einnig efla virkni og vellíðan eldri íbúa með nýjum frístundastyrk sem styður við heilsueflingu, félagslega virkni og aukin



lífsgæði.

Þetta eru aðgerðir sem við höfum stjórn á án utanaðkomandi áhrifa. Aðgerðir sem skipta máli. Þetta er fjárfesting í fjölskyldum, í jöfnum tækifærum í barnvænu samfélagi þar sem allir eiga að fá að njóta sín.

Árangur áfram, fyrir fjölskyldur.


Hjördís Edda Olgeirsdóttir
2. sæti á lista XD Hornafirði

Vantar trúnaðarmann? Skráðu starfsstöðina þína!


Félagsmenn á starfsstöðvum með 5 félagsmenn eða fleiri eiga rétt á trúnaðarmanni.



Á mínum síðum er auðvelt að skrá starfsstöð.



Í glugganum sem opnast er hægt að skrá eða velja starfsstöð - vinsamlega smellið á píluna til að kanna hvort búið er að skrá þína starfsstöð. Ef þín starfsstöð er ekki á listanum eða listinn jafnvel tómur - þá skráir þú þína starfsstöð.



Það þarf ekki meira. Þetta tekur innan við 20 sekúndur.



www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300

KEX SETUR FJÖLSKYLDUR Í FYRSTA SÆTI

Aðsend grein

Á komandi kjörtímabili eru mál fjölskyldunnar í fyrirrúmi hjá Kex framboði. Á síðustu árum hefur ungt fólk í auknum mæli flutt aftur heim eða valið að setjast að á landsbyggðinni til að stofna fjölskyldu í öruggu og fallegu umhverfi. Við þekkjum öll forréttindin sem fylgja því að búa í litlu samfélagi þar sem börnin okkar eru umvafin fólki sem lætur þau sig varða. Hér er gott að vera en við getum gert enn betur.

STARFSUMHVERFIÐ SKIPTIR MÁLI

Á líðandi kjörtímabili fór mikil vinna í að bæta starfsaðstæður á leikskólanum Sjónarhóli. Settur var starfshópur með fulltrúum starfsfólks, foreldra, bæjarstjórnar og fleiri aðila. Sú vinna skilaði aðgerðum sem komu til móts við starfsfólk, léttu á álagi og bættu starfsánægju.

Við viljum halda þeirri vinnu áfram og einnig hefja sambærilega vinnu í Grunnskóla Hornafjarðar.

FJÖLSKYLDUVÆNT SAMFÉLAG

Á stefnuskrá Kex 2022 settum við fram það markmið að halda áfram viðbyggingu við Sjónarhól. Árið 2025 voru opnaðar tvær nýjar og glæsilegar deildir og með þeim höfum við náð því mikilvæga markmiði að geta tekið á móti börnum frá 12 mánaða aldri. Í dag komast öll börn að sem þurfa pláss, en staðan getur breyst hratt. Miðað við síðustu tvo árganga þá virðist vera að börnum fari fjölgandi, en þeir telja báðir yfir 30 börn. Fjölgunin er gleðiefni en við þurfum að huga strax að framtíðinni og því hvernig við sjáum leikskólamála á Höfn þróast.

LÆKKUM GJÖLDIN

Kex vill lækka leikskólagjöld niður í 25.000 krónur miðað við fulla vistun með fæði. Einnig viljum við að fjölskyldur greiði aðeins eitt vistunargjald, óháð fjölda barna, hvort sem er á Sjónarhóli eða í Kátakoti. Við teljum mikilvægt að byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur í leikskólamálu í stað þess að fara í ótímabærar aðgerðir. Þess vegna leggjum við ekki áherslu á gjaldfrjálstan leikskóla eins og staðan er núna. Slíkar breytingar þurfa að vera vel undirbúnar og unnar í sátt við alla aðila.

AUKIÐ SVIGRÚM FYRIR BÖRN

Frístundir eru mikilvægur grunnur fyrir öll börn, bæði fyrir líkamlega heilsu en einnig fyrir félagslega færni. Við viljum auka svigrúm yngstu barnanna sem eru að stíga sín fyrstu skref á sviði íþróttar og koma á fjölgreinauverkefni fyrir börn í 1. og 2. bekk. Með því fá þau tækifæri til að prófa ólíkar íþróttir fyrir sanngjarnt verð. Þannig fá bæði börn og foreldrar meira svigrúm til að finna hvað hentar þeim best. Við viljum einnig koma á tekjutengdum frístundastyrk svo að þátttaka barna í íþróttum ráðist ekki af fjárhag foreldra.



Nýverið fórum við í endurskoðun á fyrirkomulagi frístundaaksturs fyrir börn í dreifbýli. Í samráði við foreldra og rekstraraðila höfum við náð að auka þátttöku barna í dreifbýli í tómsundum og félagslífi með einföldum breytingum á skóla og frístundaakstrinum. Aukin þátttaka barna í frístundum í öllu sveitarfélaginu er mikilvæg og viljum við þess vegna efla enn frekar samstarfið við ungmenna- og íþróttafélögin í sveitarfélaginu með það að markmiði að auka möguleika barna til þátttöku í frístundastarfi í þeirra nærumhverfi.

Á næsta kjörtímabili ætlar Kex að:

- Koma á legg fjölgreinauverkefni svo að öll börn í 1.-2. bekk hafi möguleika á að æfa allar íþróttir fyrir sanngjarnt gjald.
- Tekjutengdan frístundastyrk til þess að jafna aðgengi barna að frístundum óháð fjárhag.
- Lækka leikskólagjöld niður í að minnsta kosti 25.000 krónur miðað við fulla vistun með fæði.
- Að fjölskyldur greiði einungis eitt vistunargjald, óháð fjölda barna í leikskóla og Kátakoti.
- Horfa til framtíðar með fjölgun í huga og fara í undirbúning á öðru húsnæði fyrir leikskóla á Höfn.
- Vinna að því að koma á samstarfi á milli sveitarfélagsins og ungmennafélaganna í sveitarfélaginu til þess að tryggja frekari frístundaþátttöku barna í dreifbýli.
- Fara í markvissa vinnu til þess að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í tómsunda- og félagsstarfi.
- Byggja að minnsta kosti tvo leikvelli á kjörtímabilinu samhliða viðhaldi og endurnýjun á öðrum. Uppbygging á nýjum leikvöllum yrði í dreifbýli en endurnýjun myndi eiga sér stað á leikvöllum innan Hafnar.

Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma til móts við fjölskyldur, án þess að raska því sem er að virka eða fara í óábyrgar lækkanir. Þetta eru raunhæfar leiðir sem við viljum fara í til að bæta líf fjölskyldna.

Setjum X við K 16. maí
Guðrún Stefánía Vopnfjörð

FYRIR SAMFÉLAGIÐ SETJUM X VIÐ K



KEX VILL

- **Ljúka** vinnu við hönnun og hefja byggingu **nýs íþróttahúss** á Höfn.
- **Lækka** leikskólagjöld niður í **25.000** krónur.
- **Greina** þörf á sérhæfðum **búsetuúrræðum** fyrir aldraða, t.d. öryggis- og/eða þjónustuíbúðir.
- **Tryggja** áfram samtal og samstarf við HSU um bættu heilbrigðisþjónustu í **dreifbýli**.
- **Endurskoða** sorpmálaflokkinn til að auka hvata til flokkunar og **draga úr álögum** á íbúa.
- **Lækka fasteignagjöld** án þess að veikja fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
- **Reisa fjölnotahús við Hofgarð** með þarfir grunnskóla og félagslífs íbúa í huga.

Þetta eru nokkur af áhersluatriðum Kex fyrir næstu kosningar. Skoðaðu stefnuskránna í heild sinni í gegnum QR kóða.

STEFNUSKRÁ ÍSLENSKA



POLICY ENGLISH



PROGRAM POLSKI



HVAÐ HEFUR KEX GERT?

- **Unnum** að því að ljúka við **fráveitu** á Höfn.
- **Fórum** í viðbyggingu við Leikskólann Sjónarhól. Svigrúm skapaðist til að taka á móti börnum við **12 mánaða aldur**.
- **Gerðum** nýtt **Aðalskipulag**.
- **Klárudum** endurbætur á **Sindrabæ**.
- **Fórum** í úrbætur á leikvöllum og útivistarsvæðum sveitarfélagsins.
- **Hófum** undirbúning á nýju **íþróttahúsi** á Höfn.
- **Tryggðum** fjármagn til **dýpkunar** á Grynslunum.

Listinn er ekki tæmandi en endurspeglar bæði markmið í Stefnuskrá Kex frá 2022, málefnasamning við Sjálfstæðisflokkinn.



HEIMASTJÓRN FYRIR HAG SVEITANNA

Aðsend grein

Við sem flokkur og heild viljum tryggja það að sveitarfélagið starfi sem heild. Við viljum tryggja aðkomu og áhrif heimamanna í sveitunum þegar kemur að málefnum sem varða þeirra nærumhverfi.

Eftir að hafa rætt við aðila í öðrum sveitarfélögum og staðfest grun okkar, þá er almennari ánægja og skilvirkni með heimastjórn en íbúaráði. Íbúaráð er sem stendur ákveðið tilraunaverkefni í sveitarfélaginu. Upp hafa komið stór mál innan sveitarfélagsins sem varðar sveitirnar og vankantar verið á þrátt fyrir íbúaráð. Því íbúaráð hefur ekki nægt vægi og ekki nægt upplýsingaflæði. Heimastjórn sinnir verkefnum sem varða landbúnaðarmál, menningarmál, umhverfis og deiliskipulagsmál, og umsögnum um staðbundin málefni og leyfisveitingar, í samstarfi við sveitarfélagið. Við viljum vísa fleiri málum til umfjöllunar í sveitirnar svo þau njóti meira raunsæis. Við viljum færa aukið vald í heimabyggðina. Ákvarðanavaldið á ekki að vera á einum stað, fjarri viðfangsefninu.

Sem dæmi er Múlaþing með heimastjórn. Múlaþing er stórt sveitarfélag og það erum við líka í Sveitarfélaginu Hornafirði. Eftir samtöl við íbúa og aðila í heimastjórn í Múlaþingi þá erum við í Miðflokknum sannfærð um að heimastjórn sé það sem muni færa íbúum, dreifbýlisins sérstaklega, aukna ánægju sem íbúar. Til að taka dýpra í árinna þá höfum við í þessum samtölum hreinlega verið hvött til að taka upp heimastjórn í stað íbúaráðs.

Múlaþing var með íbúaráð áður en heimastjórnin tók yfir og þar var sama upplifun og við höfum. Þ.e.a.s. að íbúaráð hafi ekkert vægi.



Nú kynnu margir að spyrja hver kostnaðurinn sé við heimastjórn á móti íbúaráði. Svarið er að hann kynni að vera örlítið meiri, en það veltur þó á verkefnastöðunni og þeim verkefnum sem verður úthlutað til hverrar heimastjórnar ár hvert. Þetta er launuð stjórn en það er íbúaráð líka. Þó svo að kostnaðurinn kunnist að vera meiri þá er heimastjórnin mun skilvirkari, hefur meira vægi og dæmin sýna að ánægjuvogin er á töluvert betri stað en með íbúaráði.

Það er að okkar mati mun betra fyrirkomulag að launuð vinna skili árangri og sátt heldur en að borga fyrir vinnu sem skilar litlu sem engu. Með þessu móti teljum við fjármunum betur varið og þetta er liður í bættri stjórnsýslu.

Heimastjórnir starfa samkvæmt lögum og í samstarfi við sveitarfélagið. Okkar draumur er að koma heimastjórnnum í gagnið sem fyrst í samstarfi við íbúa á hverju svæði fyrir sig. Áður en kemur að frekari ákvörðunum um hvernig verður að þessu staðið munum við funda um málið og kynna það vel. Auk þess að vera viss um að þetta sé vilji íbúa í hverri sveit.

Sveitirnar okkar eru perlurnar sem hafa gert sveitarfélagið að þeim vinsæla áfangastað sem það er. Sveitirnar þekkir enginn betur en íbúarnir í sveitunum.

Færum þeim aukið vald með heimastjórn



Valur Pálsson fyrir hönd Miðflokksins á Hornafirði

STEFNUMÁL 2026-2030

MIÐFLOKKURINN HORNAFIRÐI

1

VERULEG LÆKKUN FASTEIGNA- OG VEITUGJALDA Á ÍBÚA

20% lækkun í byrjun árs 2027
-77.707.576 ISK á ári.
(1.5% af tekjum sveitarfélagsins á ári)



2

FRÍTT FÆÐI Í LEIKSKÓLUM AUK ENDURSKOÐUNAR Á GJÖLDUM

Frítt fæði í byrjun árs 2027,
endurskoðun á gjöldum í kjölfarið
-14.000.000 ISK á ári



3

ENDURVAKNING KLIPPIKORTA Í RUSLAPORTI FYRIR ÍBÚA

Úthlutun korta hefst 01. Janúar 2027



4

STOFNUN HEIMASTJÓRNAR

Stofnun í lok árs 2026



5

HEILDARENDURSKOÐUN Á REKSTRI SVEITARFÉLAGSINS

Okkar fyrsta verk!
+60.000.000-90.000.000+ ISK á ári



6

BYGGING Á NÝJU ÍÞRÓTTAHÚSI Á HÖFN

Byrjum framkvæmdir ekki seinna en sumarið 2028
-1.500.000.000 ISK í heildarkostnað



7

STJÓRN VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS HEIM

Tímamörk óljós



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
www.xmhornafjordur.is

Mannskapurinn



Reynir



Stefán



Herdís



Erlingur



Valur



Hilmar



Hjörvar



Amor



Atli



Pálmi



Antonía



Magda



Ágúst



Ómar

XM

HORNAFJÖRÐUR

SAMHELDIÐ SAMFÉLAG

Aðsend grein

Við göngum til kosninga laugardaginn 16. maí. Við sem stöndum að framboði Framsóknar og stuðningsmanna bjóðum fram skýran valkost, skýra málefnskrá og valkost um forystu fyrir samfélagið.



LÉTTUM BYRÐARNAR

Mikilvægt er að lækka skatta og gjöld á íbúa. Við ætlum að byrja á að lækka fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og verðum með augun á öðrum útgjöldum sem tengjast fjölskyldum og fyrirtækjum. Með lækkun fasteignagjalda á heimili tryggjum við að allir þeir sem eiga húsnæði njóti góðs af, óháð aldri og fjölskyldusamsetningu.

MARKVISS INNVIÐA-UPPBYGGING

Við þurfum að huga að uppbyggingu innviða. Gerð 10 ára framkvæmdaáætlunar og uppbygging á grunni hennar skilar okkur fram á veginn. Sveitarfélagið verður að koma verkefnum í framkvæmd og ljúka þeim. Þannig fá íbúar betra samfélag og við verðum samkeppnishæfari í að laða að okkur nýja íbúa.

VERJUM HAGSMUNI

Grynnslin við Hornafjarðarós, að Vatnajökulsþjóðgarður styðji við heimamenn innan þjóðgarðsins og að landbúnaður dafni eru lykilþættir í framþróun byggðarinnar. Við þurfum að styðja við fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf ásamt því að verja grundvallar stofnanir innan sveitarfélagsins og styrkja þær. Framhaldsskólinn er mikilvægur fyrir okkur og nýir nemendagarðar myndu efla hann.

MENNTUN FYRIR ALLA TIL FRAMTÍÐAR

Við viljum bjóða börnunum okkar sterkan grunn fyrir framtíðina. Það þarf víða að taka til hendinni í húsnæðis- og lóðamállum skólanna ásamt því að hlúa að góðri stoðþjónustu og efla sérstaklega list-, verk- og raungreinar. Mikilvægt er að öll börn hafi jöfn tækifæri, þar á



Kolbrún, Ingibjörg, Hjalti og Björgvin skipa efstu sæti lista Framsóknar og stuðningsmanna

meðal þau sem hafa annað móðurmál og nauðsynlegt að tryggja þeim markvissa aðlögun að samfélaginu.

Við þurfum áfram að tryggja leikskólapláss barna frá 12 mánaða aldri, hlúa að faglegu starfi á leikskólum og tryggja áfram öflugt starf tónskólans.

SKILVIRKNI OG ÞJÓNUSTA Í STJÓRNSÝSLUNNI

Við viljum byggja upp sveitarfélag þar sem stjórnýsla er einföld, skilvirk og þjónustumiðuð. Reglulegar viðhorfskannanir tryggja að rödd íbúa heyrist og hafi raunveruleg áhrif. Jafnframt viljum við styrkja íbúaráð og tryggja virkt samtal við alla hópa samfélagsins.

VELFERÐ OG LIFANDI SAMFÉLAG

Heilsa og velferð íbúa eru lykilatriði. Við viljum veita fjölbreyttu íþróttastarfi góðan aðbúnað, byggja nýtt íþróttahús sem uppfyllir kröfur til framtíðar, setja gervigras á Sindravelli ásamt fleiru. Það

er m.a. liður í að fækka ferðalögum barna og unglinga um langar vegalengdir. Við þurfum að tryggja að öll börn geti tekið þátt í frístundum og sporna við brottfalli úr íþróttum. Með áherslu á lýðheilsu og uppbyggingu á útivistarsvæðum stuðlum við að virkni fyrir alla aldurshópa. Þá munum við skoða leiðir til að efla heilsubjálfun eldri borgara í dreifbýli t.d. með fjarkennslu ef vilji er fyrir hendi.

Við viljum efla menningarstarf og gera söguna sýnilegri, m.a. í Gömlubúð og Miklagarði.

Á sama tíma leggjum við áherslu á öflugan velferðarþjónustu, aukið aðgengi að heilbrigðisþjónustu og stuðning við eldri íbúa og viðkvæma hópa.

Með samstilltu átaki byggjum við upp öflugt samfélag þar sem allir geta dafnað.

Hjalti Þór Vignisson, 1. sæti og bæjarstjóraefni

Ingibjörg Sveinsdóttir, 2. sæti

Björgvin Óskar Sigurjónsson, 3. sæti

Kolbrún Þorbjörg Björnsdóttir, 4. sæti á lista Framsóknar og stuðningsmanna

Skýr forysta til framtíðar

Setjum **X** við **B** þann 16. maí 2026



Okkar helstu stefnumál

- ✓ Lækkum álögur
- ✓ Markviss uppbygging innviða
- ✓ Verjum hagsmuni heimila og fyrirtækja
- ✓ Skilvirk og þjónustumiðuð stjórnarsýsla
- ✓ Menntun og velferð í fyrirrúmi
- ✓ Lifandi samfélag fyrir alla

Viðburðir framundan

- Karlakvöld* - laugardaginn 9. maí
- Konukvöld* - miðvikudaginn 13. maí
- Barsvar* - fimmtudaginn 14. maí

**Sjáumst á kosningavöku
á Hafinu þann 16. maí**



STEFNUSKRÁ



ELECTION
PLATFORM



PROGRAM
WYBORCZY



IZBORNÁ
PLATFORMA



Framsókn

Framsókn og stuðningsmenn

RÖDD UNGA FÓLKSINS SKIPTIR MÁLI

Aðsend grein

Í tilefni komandi sveitarstjórnar-kosninga mun Ungmennaráð Hornafjarðar standa fyrir skuggakosningum þetta árið og eru öll ungmenni sem ekki hafa náð 18 ára aldri og eru fædd frá 2008-2012 hvött til þess að taka þátt.

Skuggakosningar eru frábært tækifæri fyrir ungt fólk til að prófa hvernig það er að kjósa, kynnast framboðunum og átta sig á því hvernig lýðræðið virkar í raun. Hér fáum við að láta rödd okkar heyrast – og hún skiptir máli.

Fimmtudaginn 7. maí verður haldinn skemmtilegur viðburður þar sem frambjóðendur mæta og hitta ungmenni í svokölluðu „speed dating“ formi. Þar gefst okkur tækifæri til að spyrja spurninga, heyra ólíkar skoðanir og eiga beint samtal við þau sem bjóða sig fram. Viðburðurinn fer fram milli kl. 12:30 og 13:45 og er frábær leið til að kynna sér málin á einfaldan og skemmtilegan hátt.

Kjördagar verða svo tveir: 12. maí í FAS og 13. maí í grunnskólanum. Einnig verður opinn viðburður í Sindrabæ að kvöldi 13. maí þar sem hægt verður að kjósa fyrir þau sem komust ekki fyrr – til dæmis ungt fólk í atvinnulífínu.

Kosningarnar eru settar upp eins og alvöru kosningar með kjörseðlum, kjörkassa og kjörskrá, sem gerir upplifunina bæði raunverulega og skemmtilega. Niðurstöðurnar eru ekki bindandi, en þær gefa mikilvæga mynd af skoðunum unga fólksins í samfélaginu.

Þetta er líka frábært tækifæri fyrir frambjóðendur til að hitta ungmenni, hlusta á okkur og eiga samtal. Við höfum skoðanir, hugmyndir og framtíðarsýn – og viljum fá að taka þátt.

Við hvetjum öll ungmenni til að mæta, taka þátt og láta rödd sína heyrast. Lýðræðið byrjar hjá okkur!



Ungmennaráð Hornafjarðar



Local Elections

2026

Did you know that if you have lived in Iceland continuously for the past **3 years** you automatically have the right to vote in your local elections?

Let your voice be heard
May 16th!

Scan the QR code below to see if you are registered to vote and where you should vote



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

laugardaginn 16. maí 2026

Í Sveitarfélaginu Hornafirði verður kosið á fjórum stöðum:

Kjördeild I

Öræfi
Hofgarður

Kjördeild II

Suðursveit
Hrollaugstaðir

Kjördeild III

Mýrar
Holt

Kjördeild V

Höfn
Heppuskóli

Kjósendur eru beðnir um að hafa skilríki meðferðis á kjörstað

Yfirkjörstjórn verður með aðsetur í Heppuskóla á kjördag og þar verða atkvæði talin. Gert er ráð fyrir að talning atkvæða hefjist kl. 21:00 og úrslit kosninganna munu liggja fyrir síðar um kvöldið.

Peir sem verða ekki heima á kjördag geta **kosið utan kjörfundar** hjá sýslumönnum um land allt. Upplýsingar um staðsetningu og opnunar-tíma sýslumannsembættu má finna hjá hverju embætti fyrir sig.

**Nánari upplýsingar um kosningar
má finna á heimasíðu
Sveitarfélagsins Hornafjarðar**



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Yfirkjörstjórn

Vignir Júlíusson

Hjördís Skírnisdóttir

Kristján Sigurður Guðnason

An aerial photograph of a coastal town in Iceland, likely Hornafirði, showing a dense residential area with colorful houses, green fields, and a large fjord with numerous small islands. The sky is a deep blue, and the water reflects the light. The town is situated on a peninsula or near a large inlet.

XD | Hornafirði

ÁRANGUR ÁFRAM - FYRIR **SAMFÉLAGIÐ** OKKAR

Kynntu þér stefnuskrána
xdhornafjordur.is